

**SKOÐUN** Teitur Guðmundsson skrifar um flensu, inflúensu eða bara pest. 15



**MENNING** Óskar Víkingur keppir fyrir Íslands hönd á Evrópumóti ungmenna í skák. 30



**SPORT** Það er engin uppgjöf í Ólafsvíkur-Víkingum þrátt fyrir fall úr Pepsi-deildinni um helgina. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
24. september 2013
224. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Betri matur og hollari

Þróaðar verða uppskriftir og matseðlar í nýjum sameiginlegum gagnagrunni sem yfirmenn í skólamötuneytum Reykjavíkur geta sótt í. 13

**Aðgangseyrir í lýsingu** Í hugmyndasamkeppni að nýju skipulagi Geysissvæðisins er gert ráð fyrir innheimtu aðgangseyris. 2

**Barði nágranna** Karlmaður hefur verið dæmdur í hálfs árs fangelsi fyrir að hrinda nágrannakonu sinni. Áður hafði hann fengið dóm fyrir að ganga í skrokk á öðrum nágranna sínum. 4

**Aldrei þyngri dómar** Fimm Íslendingar hafa verið dæmdir í fangelsi í Danmörku fyrir risavaxið fíkniefnasmygl. Þrír hafa áður fengið dóm í sama máli. Dómar nema nú samtals 54 árum. 6




14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 8° | | SA | 2 |
| Akureyri | 8° | | SA | 2 |
| Egilsstaðir | 7° | | A | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 8° | | A | 4 |
| Reykjavík | 9° | | A | 4 |

**VÍÐA BJART** Í dag verður hæg austlæg eða breytileg átt. Víða bjart en þykknar upp V-til seint í kvöld. Hiti 4-12 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk




# Harpa tapaði 584 milljónum í fyrra

Rekstrartap tónleikahússins Hörpu stefnir í um 300 milljónir á árinu þegar tekið hefur verið tillit til 160 milljóna framlags eigenda. Tapið var 584 milljónir í fyrra.

**MENNING** Tap á rekstri tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu í ár verður 302 milljónir króna, gangi áætlanir eftir. Um verulegan rekstrarbata er að ræða frá fyrra ári, þegar tapið var 584 milljónir. Þetta sést í uppfærðri rekstraráætlun Hörpu og rauntölum fyrstu sjö mánaða ársins.

Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu, segir að hafa beri í huga að eigendur Hörpu, ríki og borg, leggi rekstrinum til 160 milljónir á þessu ári. Sá háttur verður hafður á næstu þrjú árin á meðan húsið er að festa sig í sessi, eins og ákveðið var þegar rekstur hússins var endurskipulagður í fyrra.

„Þetta þýðir samt að reksturinn á árinu batnar um 120 milljónir um það bil, sem verður að teljast ásættanlegt á einu ári. En þetta er auðvitað áætlun og við erum sátt ef okkur tekst að bæta okkur um 100 milljónir á einu ári," segir Halldór.

Rekstrarbatann segir Halldór skýrast af því að veruleg veltuaukning hafi orðið á ráðstefnusviði Hörpu. „Tækifæri í ráðstefnuhaldi eru gríðarleg og á þessu ári er aukningin hjá ráðstefnusviðinu um 40 prósent," segir hann.

Helstu tekjuliðir Hörpu eru fastir leigjendur sem greiða 190 milljónir. Listviðburðir skila 215 milljónum en aðrar tekjur eru um 150 milljónir. Samkvæmt áætlun þessa árs eru heildartekjur Hörpu því um 785 milljónir króna.

Eins og greint hefur verið frá er fyrir dómstólum deilt um fasteignagjöld Hörpu til Reykjavíkurborgar. Alls eru fasteignagjöld af húsinu 355 milljónir króna á árinu. Því liggur fyrir að rekstrartap hússins skýrist að stærstum hluta af fasteignagjöldunum, að sögn Halldórs.

Fréttablaðið greindi frá því fyrir ári að Harpa greiðir hærri fasteignagjöld en Kringlan og Smáralind samanlagt. - shá



**„Við erum sátt ef okkur tekst að bæta okkur um 100 milljónir."**

*Halldór Guðmundsson, forstjóri Hörpu*



**GRÖFUMENN GIRÐA** Á þriðja tug Hraunavina tók á móti starfsmönnum Íslenskra aðalverktaka í gærmorgun. Verktakarnir girtu svæðið af en inni á vinnusvæðinu stóðu mótmælendur vaktina í allan gærdag. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skattrannsóknarstjóri talinn brotlegur við sakborning í greiðslukortamáli:

# Gæti haft áhrif á önnur mál

**STJÓRNSÝSLA** Nýtt álit umboðsmanns Alþingis kann að hafa áhrif á rannsóknir skattrannsóknarstjóra á nokkrum málum sem varða notkun Íslendinga á erlendum greiðslukortum.

Umboðsmaður komst í gær að þeirri niðurstöðu að skattrannsóknarstjóri hefði brotið á sakborningi, meðal annars með því að kæra mál til lögreglu á frumstigi til þess eins að hægt væri að láta fara fram hjá viðkomandi húsleit. Umboðsmaður beinir því til embættisins að leita leiða til að rétta hlut sakborningsins, en mál hans hefur í millitíðinni verið fellt niður.

Það á ekki við um önnur mál af þessu tagi. Þau voru fjörutíu talsins árið 2009 og efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra réðst í nítján sinnum í húsleit vegna þeirra í nóvember það ár.

Enn lifa nokkur af þessum málum, þeirra á meðal tvö risavaxin, sem hafa undið upp á sig og snúast um milljarða króna. „Þetta er niðurstaðan og við skoðum hvað það hefur í för með sér," segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri. - sh / sjá síðu 8



BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR



**BIÐRÖÐIN** Fjöldi fólks lagði leið sína í verslun Nova í gær þar sem sala hófst á nýju iPhone-símunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sala hafin á nýjum iPhone:

# Keppast við að tryggja sér síma

**FJARSKIPTI** Sala á nýjum iPhone hófst í gær en það voru Nova, Síminn og Epli sem riðu á vaðið.

Margrét Tryggvadóttir, yfirmaður markaðssviðs hjá Nova, segir söluna hafa farið vel af stað. „Þeir sem höfðu forpantað símann hjá okkur gátu nálgast hann í tvo tíma í gær og þetta fór bara vel af stað," segir Margrét. Engin þeirra verslana sem selja iPhone kaupir símana beint frá Apple og hafa íslenskar verslanir því þurft að reiða sig á aðila sem kaupa síma erlendis. - eh / sjá síðu 4

Tímamót í Þýskalandi:

# Fyrsti þeldökki þingmaðurinn

**ÞÝSKALAND** Lyfjafræðingurinn Karamba Diaby varð um helgina fyrsti þeldökki einstaklingurinn til að ná kjöri á þýska þinginu.

Diaby, sem er 51 árs og flutti til Austur-Þýskalands árið 1986, sest á þing fyrir flokk Sósíaldemókrata, en hann hlaut ríkisborgararétt fyrir tólf árum.

Nær fimmti hver Þjóðverji er innflytjandi eða af annarri eða þriðju kynslóð innflytjenda, en sárafáir hafa sest á þing.

Kristilegir demókratar, flokkur Angelu Merkel kanslara Þýskalands, vann hins vegar stórsigur í kosningunum. - þj / sjá síðu 6



KARAMBA DIABY





KRINGLUNNI • SÍMI 5513200






## SPURNING DAGSINS



Alda, er Grundarfjörður svona grátlegur?

**„Nei, alls ekki, hann er meira svona kátlegur.“**

Alda Hlín Karlsdóttir, menningarfulltrúi Grundarfjarðar, tók nýverið á móti Jean-Yves De Chaisemartin, bæjarstjóra Paimpol, vinabæjar Grundarfjarðar, sem klökknaði þegar hann sá bæinn í fyrsta skipti.

Segir að kostnaður vegna tafa í Gálgahrauni bitni á skattgreiðendum:

# Íhuga að slá upp tjaldbúðum

**UMHVERFISMÁL** „Það er verið að leggja drög að því að slá upp búðum,“ sagði Ómar Ragnarsson. Hann, ásamt félögum í Hraunavinum, stöðvaði framkvæmdir í Gálgahrauni í gær. Framkvæmdum í hrauninu er mótmælt af náttúruverndarástæðum. Lögreglan kom tvívegis á vettvang, í seinna skiptið var grafa Íslenskra aðalverktaka fjarlægð af vettvangi.

Í yfirlýsingu frá Vegagerðinni kom fram að framkvæmdum yrði ekki slegið á frest vegna dómsmáls sem Hraunavinir hafa höfðað gegn Vegagerðinni.

Gunnsteinn Ólafsson, einn forsvarsmanna Hraunavina, sagði að mótmælin myndu halda áfram í dag og að svæðið hefði verið vaktað í nótt. Ekki er útilokað að hópurinn slái upp tjaldbúðum eins og Ómar nefndi.

„Það er ljóst að tjónið lendir á Vegagerðinni,“ sagði G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, spurður um afleiðingar mótmælanna. Óljóst er hvort vinna á svæðinu geti hafist í dag vegna mótmæla. - vg



**HRAUNAVINIR** Helgi Pétursson tónlistarmaður, Ómar Ragnarsson og Eiður Svanberg Guðnason, fyrrverandi ráðherra.

Vinna hafin við sölu á Arion:

# Meta hlut sinn á 116 milljarða

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Kaupþings hefur hafið vinnu við að selja Arion banka.

Unnið er að ráðningu utanaðkomandi ráðgjafa og samkvæmt frétt á vef Bloomberg hafa áhugasamir fjárfestar þegar haft samband og sýnt bankanum áhuga.

Kröfuhafar Kaupþings meta hlut sinn í bankanum á um 116 milljarða króna. Þeir eiga 87 prósenta hlut í bankanum á móti 13 prósenta hlut ríkisins sem Bankasýsla ríkisins fer með. - hg




**ÓSÁTTUR** Börkur lét friðlega í Hæstarétti í gær og lét duga að lýsa skoðun sinni með því að halda þessu mótmælaspjaldi fyrir andlitinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Líkamsárásarmál Annþórs og Barkar flutt í Hæstarétti:

# Krefjast ógildingar þungra dóma

**DÓMSMÁL Verjendur Annþórs Kristjáns Karlssonar og Barkar Birgissonar kröfðust þess í Hæstarétti í gær að dómar sem skjólstæðingar þeirra hlutu fyrir hrottafengnar líkamsárásir um síðustu áramót yrðu ómerktir vegna annmarka á málsmeðferðinni og þeim vísað aftur heim í hérað. Ella yrði að sýkna tvímenningana.**

**Annþór hlaut sjö ára dóm í héraði og Börkur sex ára dóm. Síðan hafa lykilvitni í málinu dregið framburð sinn til baka og fullyrt að þau hafi borið ljúgvitni undir þrýstingi, meðal annars frá lögreglu.**

**Mikill viðbúnaður var í Hæstarétti eins og jafnan þegar Annþór og Börkur eru annars vegar en allt fór hins vegar vel fram.** - sh

Persónuvernd úrskurðar:

# Mega ekki meta lánshæfi

**VIÐSKIPTI** Persónuvernd segir að fyrirtækinu Creditinfo Lánstrausti hf. hafi verið óheimilt að vinna úr og miðla upplýsingum um einstaklinga úr skattskrá til áskrifenda sinna til nota við lánshæfismat og markaðssetningu.

Fyrirtækið hefur selt áskrifendum upplýsingar til notkunar við lánshæfismat en fyrir liggur að það hyggst hætta að selja aðgang að upplýsingum til notkunar við markaðssetningu. - vg

Jón Ásgeir vill sjá eigin póst:

# Vill afrit af 466 tölvuskeytum

**DÓMSMÁL** Verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í svokölluðu Aurum-máli telur að það væri auðsótt mál fyrir sérstakan saksóknara að prenta út 466 tölvuskeyti á milli Jóns Ásgeirs og Lárusar Welding, forstjóra Glitnis, sem saksóknari aflaði við rannsóknina og Jón Ásgeir hefur krafist aðgangs að.

Saksóknari sagði að tölvuskeytin hefðu ekki þýðingu í málinu og því þyrfti ekki að afhenda þau. - sh

# Aðgangseyrir að Geysi í samkeppnislýsingu

Í hugmyndasamkeppni að skipulagi Geysissvæðisins er gert ráð fyrir þeim möguleika að tekinn verði aðgangseyrir. Opna á aðgang að sem flestum hverum, minjum og öðru áhugaverðu með sem minnstu raski. Dómnefnd skilar af sér í mars.

**SKIPULAGSMÁL** Efnt hefur verið til hugmyndasamkeppni um skipulag og hönnun Geysissvæðisins í Haukadal.

„Kallað er eftir heildarlausn sem í senn verndar viðkvæma náttúru hverasvæðisins, endurspeglar sérstöðu staðarins, undirstrikar umhverfið og kallar fram tækifæri til jákvæðrar upplifunar fyrir gesti,“ segir í keppnislýsingu landeigendanna, sem eru ríkið og fjölmargir einstaklingar.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 um miðjan júlí að tafir urðu á útgáfu keppnislýsingar vegna þess að fjármálaráðuneytið var ósátt við að kveðið væri á um að taka ætti mið af gjaldtöku inn á svæðið.

„Keppendur taki í tillögum sínum mið af mögulegri gjaldtöku í framtíðinni og nauðsynlegri aðgangsstýringu. Útfærsla á gjaldtöku liggur ekki fyrir,“ er lendingin í samkeppnislýsingunni.

Verkefnið er sagt taka „til hönnunar á heildarskipulagi á svæðinu sjálfu, hugmynda að tengslum við nánasta umhverfi þess og hönnun á nánasta umhverfi þess og hönnun á nauðsynlegum mannvirkjum eins og stígum, útsýnispöllum, bekkjum, skiltum og svo framvegis“.

Mælst er fyrir um að leitast skuli við að opna aðgang að sem flestum hverum, minjum og öðru áhugaverðu á svæðinu og draga fram sérstöðu þeirra með sem minnstu raski.

Talið er að hálf milljón manna hafi heimsótt Geysi á árinu 2012. Mikill meirihluti erlendra ferðamanna er sagður koma þangað.



**Á GEYSI** Hugmyndasamkeppni um Geysissvæðið á að leiða fram tillögur um bættan aðgang og verndun í senn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Svæðið þarf að þola mikla álagstoppa í umferð því fjöldi gesta getur verið allt að sex þúsund manns á sólarhring.

„Uppbygging og viðhald á sjálfu hverasvæðinu hefur ekki haldist í hendur við þann mikla vöxt sem orðið hefur á fjölda erlendra ferðamanna. Þolmörkum svæðisins er náð, þar eð heildarfjöldi ferðamanna á svæðinu er orðinn það mikill að sýnileg hnignun er að eiga sér stað á svæðinu,“ segir í keppnislýsingunni. Stígakerfið anni ekki þeim fjölda sem heimsæki Geysi:

„Mikilvægt er að þátttakendur samkeppninnar skoði núverandi stígakerfi með það fyrir augum að hanna lengra stígakerfi sem hefur þann eiginleika að dreifa álagi um svæðið. Einnig er nauðsynlegt að afmarka það svæði sem er hvað viðkvæmast svo að það verði ekki troðið niður og eyðilagt.“

gar@frettabladid.is

> **Heildarfjöldi ferðamanna á svæðinu er orðinn það mikill að sýnileg hnignun er að eiga sér stað á svæðinu.**
>
> *Úr samkeppnislýsingu fyrir Geysissvæðið.*




Lýsing ætlar að styrkja gott málefni með fé Hagsmunasamtaka heimilanna:

# Hæstiréttur hafnaði lögbanni

**NEYTENDUR** Hæstiréttur Íslands staðfesti niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur þar sem hafnað var kröfu Hagsmunasamtaka heimilanna um að felld yrði úr gildi ákvörðun sýslumanns um að taka ekki til greina kröfu samtakanna um lögbann.

Hagsmunasamtökin fóru fram á það í sumar að sýslumaður legði lögbann á fjármögnunarfyrirtækið Lýsingu um að senda út og innheimta greiðsluseðla sem væru tilkomnir vegna endurútreikninga á kaupleigusamningum eða skuldabréfum sem áður voru í gengistryggðri mynt.

Hæstiréttur taldi að hagsmunir lántakenda yrðu ekki fyrir borð bornir og að lög tryggðu réttindi neytenda með nægjanlegum hætti. Hagsmunasamtökin voru dæmd til þess að greiða 750 þúsund krónur í málskostnað til handa Lýsingu og segir í yfirlýsingu á heimasíðu Lýsingar að féð verði nýtt til þess að styrkja Samhjálp og Þroskahjálp. - vg



**BIFREIÐAR** Ekki verður sett lögbann á greiðsluseðla Lýsingar.

# TESLA MODEL S

MOTOR TREND CAR OF THE YEAR 2013





## RAFBÍLLINN SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN

EIGUM ENN NOKKRA BÍLA TIL AFHENDINGAR Í DESEMBER

## HÆGT AÐ GANGA FRÁ PÖNTUNUM TIL 8. OKTÓBER NK.

## VERÐ FRÁ KR. 11.800.000

even

KYNNIÐ YKKUR MÁLIÐ Á **TESLA.IS**

EVEN HF - HÖFÐATORGI, 18 HÆÐ - 105 REYKJAVÍK - S. 490 9000 - WWW.EVEN.IS

## SVONA ERUM VIÐ



**42,5%** **Íslendingar velja sér oftast flatböku (pitsu) þegar þeir kaupa sér skyndibita.**

**20,3% kaupa oftast hamborgara. Taílenskur eða kínverskur matur verður fyrir valinu í tæplega 10% tilvika og 6,1% segist velja sushi.**

10,9% aðspurðra segjast ekki kaupa skyndibitamat. *Heimild: MMR*

Karlmaður var dæmdur fyrir að hrinda nágrannakonu sinni skömmu eftir að hann lamdi annan:

# Barði aldraðan nágranna og hrinti öðrum

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var dæmdur í sex mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að hrinda nágrannakonu sinni með þeim afleiðingum að hún handleggsbrotnaði. Þetta er önnur árásin sem maðurinn er sakfelldur fyrir á árinu en báðar beindust þær að nágrönnum hans.

Árásin sem maðurinn var dæmdur fyrir í gær átti sér stað í byrjun júní á síðasta ári. Nágrannakonan lýsir atvikum þannig að hún hafi verið að sækja mold fyrir utan fjölbýlishúsið þar sem þau bjuggu. Þá hafi maðurinn komið æðandi út úr íbúð sinni og hrint henni um koll. Við það féll hún og kom niður á skóflu sem lá í grasinu.

Maðurinn neitaði sök og hélt því fram að hann hefði komið lauslega við hana þegar hann hugðist ræða við hana um meintan þjófnað dóttur sinnar.

Í niðurstöðu dómsins segir að það sé yfir vafa hafið að maðurinn hafi hrint konunni.

Þá vekur athygli að Hæstiréttur Íslands þyngdi dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir sama manni í maí síðastliðnum úr sex mánuðum í níu. Maðurinn var þá sakfelldur fyrir að berja aldraðan nágranna sinn, sem þá var 69 ára gamall, í stigagangi fjölbýlishússins – nokkrum dögum áður en hann hrinti konunni. Upptök þeirra deilna tengdust einnig dætrum mannsins. **- vg**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maðurinn var dæmdur fyrir að ráðast á tvo nágranna sína.



**Á ÆGISÍÐU** Íbúi óttast að nágranni sjái til hans af nýjum svölum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sextíu ára friður úti:

## Þaksvalir vekja ónot á Ægisíðu

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er veruleg röskun á því næði sem verið hefur á svölunum í sextíu ár," segir í bréfi til borgarinnar frá íbúðareiganda á Ægisíðu, sem er ósáttur við að byggingarfulltrúinn í Reykjavík hafi leyft nágranna hans að útbúa nýjar þaksvalir.

Íbúinn, sem kært hefur leyfisveitinguna, segist vel una nágrönnum sínum að bæta sína eign. Vegna hagsmuna heildarinnar megi fólk búast við að tapa einhverjum gæðum. „Aldrei má samt ganga svo langt að um óþolandi skerðingu á gæðum eða verðrýrnun verði að ræða vegna framkvæmda á annarra eign," segir kærandinn. **- gar**

90 milljarðar fyrir ríkisbréf:

## Gott gengi í útgáfu ríkisbréfa

**VIÐSKIPTI** Allt stefnir í að ríkisbréfaútgáfa ársins verði meiri en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir. Eftir myndarlegt ríkisbréfaútboð síðastliðinn föstudag hafa verið gefin út ríkisbréf fyrir alls 89,8 milljarða króna. Áætluð ríkisbréfaútgáfa ársins hljómaði upp á 90 milljarða króna.

Samkvæmt útgáfudagatali Lánamála ríkisins eru enn sex ríkisbréfa- og tvö gjaldeyrisútboð fyrirhuguð það sem eftir er ári.

Þetta kom fram í Morgunkorni Íslandsbanka í gær. **- hg**

# Fá iPhone til Íslands eftir krókaleiðum

**Enginn sem selur iPhone á Íslandi kaupir vöruna beint frá Apple. Íslenskur markaður talinn of lítill til þess að standa undir sér. Yfirleitt er milliliður í Bretlandi en nú hillir jafnvel undir að símafyrirtækin hér á landi semji um beina sölu á iPhone.**

**FJARSKIPTI** Enginn þeirra sem selur iPhone-síma frá Apple hér á landi kaupir símana beint frá Apple, heldur í gegnum milliliði, annaðhvort hér eða erlendis. Nova, Síminn og Epli.is hófu í gær sölu á nýju iPhone-símunum, 5c og 5s.

Apple er ekki með formlegt umboð hér á landi fyrir iPhone. Þó er Epli.is með umboð fyrir tölvur og iPad, og þjónustuumboð fyrir aðrar vörur.

„Markaðurinn hér á landi hefur bara þótt of lítill hingað til," segir Bjarni Ákason, framkvæmdastjóri Epli.is, sem hefur þurft að nálgast tæki á svipaðan hátt og aðrir íslenskir söluaðilar.



**BJARNI ÁKASON**

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa íslenskar verslanir því reitt sig á aðila sem kaupa síma erlendis, jafnvel yfir afgreiðsluborðið í smásöluverslunum.

Mögulegt er að breyting verði þar á á næstunni þar sem heimildir Fréttablaðsins herma að einhver símafyrirtækjanna hér á landi hafi verið í þreifingum við Apple um að kaupa inn beint frá fyrirtækinu og mögulega muni draga til tíðinda í þeim málum á næstunni.

„Mig grunar að eitthvað fari að gerast í þeim málum," segir Bjarni.

Liv Bergþórsdóttir, framkvæmdastjóri Nova, segir í samtali við Fréttablaðið að fyrirtækið sé með sína birgja í þessum málum. Þetta sé hefðbundin aðferð og símafyrirtæki selji oft búnað til annarra.

Hrannar Pétursson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Vodafone, segir þess stutt að bíða að nýju iPhone-símarnir komi í sölu hjá þeim.

„Þetta er dagaspursmál," segir hann og bætir við aðspurður að hingað til hafi Vodafone keypt sína síma bæði af aðilum hérlendis og erlendis. „Við látum það bæði ráðast af verði og framboði á hverjum tíma."

Hrannar segir aðspurður um hvort ekki mætti vænta lægra útsöluverðs hér á landi ef hægt væri að kaupa beint frá Apple og sleppa þannig við milliliðinn að svo þurfi ekki að vera. „Það er ekkert sjálfgefið að innkaupsverð til okkar myndi lækka við það að kaupa beint frá Apple."

thorgils@frettabladid.is




**Í RÖÐ EFTIR SÍMA** Fjöldi fólks lagði leið sína upp í verslun Nova í gær þar sem sala hófst á nýju iPhone-símunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

### Yfir 40.000 iPhone-símar hér á landi

Þrátt fyrir að hér á landi sé enginn formlegur söluaðili fyrir iPhone á mikill fjöldi Íslendinga slík tæki. Bjarni Ákason segir að yfir 40.000 iPhone-símar séu í umferð hér á landi.

Strand Costa Concordia:

## Skipstjórinn neitar allri sök

**ÍTALÍA** Francesco Schettino, skipstjóri skemmtiferðaskipsins Costa Concordia, segir strand skipsins í byrjun síðasta árs undirmanni sínum að kenna.



**FRANCESCO SCHETTINO**

Við réttarhöldin sagðist Schettino hafa skipað undirmanni sínum, sem þá stóð við stýrið, að beygja frá skeri sem skipið nálgaðist. Hann hefði hins vegar ekki breytt stefnu skipsins í tæka tíð. Skipið hefur legið á hliðinni á strandstað við strendur Toskanahéraðs í meira en hálft annað ár. Skipstjórinn á yfir höfði sér allt að tuttugu ára fangelsi verði hann fundinn sekur. **- gb**

Handþvottur hjálpar til:

## Fleiri greinast nú með njálg

**HEILBRIGÐISMÁL** Greindum tilfellum njálgs hefur stórfjölgað síðustu ár samkvæmt tölum Landlæknis.

Árin 2007 og 2008 voru skráð rúmlega 200 tilfelli njálgs. Árið 2009 voru þau 759 og í fyrra voru um 1.600 tilfelli tilkynnt. Tilkynningar það sem af er ári eru orðnar rúmlega 1.300.

Njálgur er hvítur og lítill þráðormur sem sest að í endaþarmi fólks og veldur í mörgum tilfellum miklum kláða. Meirihluti þeirra sem smitast á ári hverju er börn. Ormurinn leggst hins vegar líka á fullorðna.

Handþvottur og almennt hreinlæti er besta leiðin til að sporna við smiti. **- hv**


Heilsu torgið

Blómavali Skútuvogi

ÓKEYPIS FYRIRLESTUR

Í DAG, BLÓMAVALI SKÚTUVOGI

Í dag þriðjudag kl. 17:30 - 19:00

Matthildur Þorláksdóttir heilpraktiker/náttúrulæknir og Benedikta Jónsdóttir fjalla um meltingavandamál, glúteinóþol og kvilla tengda því og leiðir til að bæta meltinguna. Allir velkomnir meðan pláss leyfir.




BENEDIKTA JÓNSDÓTTIR sölustjóri og heilsuráðgjafi Heilsutorgsins



Matthildur Þorláksdóttir heilpraktiker/náttúrulæknir




Heilsubók Jóhönnu Kynningarverð 3.990 kr ~~4.990 kr~~

blómaval


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ÞYKKNAR UPP** Flott veður víðast hvar á landinu í dag en seint í kvöld þykknar upp um vestanvert landið með rigningu. Vætusamt næstu daga, einkum sunnan til.




**Á morgun**
8-15 m/s SV-til, annars hægari.




**Fimmtudagur**
5-13 m/s, stífastur NV-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Billund | 13° | Gautaborg | 13° | London | 22° | Orlando | 28° | San Francisco | 18° |
| Basel | 25° | Frankfurt | 22° | Kaupmannahöfn | 13° | Mallorca | 28° | Ósló | 14° | Stokkhólmur | 11° |
| Berlín | 17° | Friedrichshafen | 23° | Las Palmas | 25° | New York | 22° | París | 24° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



**VW Tiguan** Track&Style 2,0TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 31.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.890.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**VW Polo** 1,4 Comfortl. AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 43.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.420.000,-**



**VW Golf** Trendl 1,4 at
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 48.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.840.000,-**



**VW Passat** Alltrack 4motion
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 33.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **6.190.000,-**



**Nissan** Qashqai+2
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 20.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.790.000,-**



**Nissan Micra**
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 67.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **1.650.000,-**



**Audi Q7** 3,0 TDi
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 122.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.990.000,-**



**Audi A4** 2.0TDAvant
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 23.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **6.250.000,-**



**Audi A6** 2,0 TFSi
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 116.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.990.000,-**



**Range Rover** 4,4 HSE
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 65.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **4.990.000,-**



**VW Transporter** Pickup
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 105.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **2.090.000,-**



**Mercedes-Benz** GL450
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 102.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **5.890.000,-**



**Skoda Fabia** 1,2 ambiente
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 27.000 km, beinskiptur
Ásett verð: **1.890.000,-**



Tilboð **2.590.000,-**
**MM Pajero** 3.5 GLS
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.290.000,-**



Tilboð **1.590.000,-**
**Audi A3** Sportback 2.0
Fsi At. Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **1.890.000,-**



Tilboð **2.790.000,-**
**VW Touareg** V8
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 120.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **3.450.000,-**



Tilboð **1.990.000,-**
**Subaru Legacy** Sport
Wagon. Árgerð 2007, bensín
Ekinn 100.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: **2.590.000,-**

H HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða bæjarstjóri klökknaði þegar sást í Grundarfjörð?
**2.** Hvern leiðir Hrafn Jökulsson rithöfundur um slóðir Bobby Fischer á Íslandi?
**3.** Hversu stóran hlut fær Ferðaþjónustan af opinberu rannsóknafé?

**SVÖR:**
**1.** Jean-Yves de Chaisemartin, bæjarstjóri Paimpol, sem er vinabær Grundarfjarðar.
**2.** Sænska leikstjórann Lukas Moodysson.
**3.** 1 prósent.

Philipp Rösler segir af sér sem leiðtogi Frjálsra demókrata:

# Skilur Merkel kanslara eftir í vanda

**ÞÝSKALAND** Þrátt fyrir stórsigur Angelu Merkel og Kristilega demókrataflokksins hennar í þingkosningum um helgina veldur brotthvarf samstarfsflokks hennar því að hún þarf að leita annað.

Hún á þó aðeins tvo kosti, annaðhvort að fá Jafnaðarmenn til liðs við sig og mynda stóra samsteypustjórn eða leita til Græningja og prófa stjórnarmynstur sem aldrei áður hefur verið reynt í Þýskalandi.

Báðir kostirnir eru erfiðir fyrir hana, því þótt samvinna hennar með Jafnaðarmönnum árin 2005 til 2009 hafi gengið vel gekk á ýmsu og hún hefur verið treg til að reyna slíkt aftur.

Philipp Rösler, leiðtogi Frjálsra demókrata í Þýskalandi, sagðist í gær ætla að segja af sér, enda brotthvarf flokksins af þingi meiriháttar áfall fyrir flokksmenn. Öll forysta flokksins hefur sömuleiðis ákveðið að segja af sér.

Frjálsir demókratar hafa áratugum saman gegnt lykilhlutverki í þýskum stjórnmálum, þrátt fyrir að hafa jafnan haft miklu minna fylgi en stóru flokkarnir tveir, Jafnaðarmenn og Kristilegir demókratar.

Flokkurinn fékk 4,8 prósent atkvæða og náði þar með ekki fimm prósenta markinu sem þarf til að koma manni inn á þing í Þýskalandi.

- gb




**STÆRSTA TAPIÐ** Philipp Rösler, leiðtogi Frjálsra demókrata, sagði af sér eftir afdrifaríkt tap flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekkert áfengi sást á fólki í Ölfusréttum sem haldnar voru í gær:

# Margt í réttum og vel tókst til

**INNLENT Ölfusréttir voru haldnar í gær og kom margt fólk í réttirnar til að draga um 900 fjár í dilka.**

**Núverandi réttir voru byggðar árið 1977 fyrir tólf þúsund fjár.**

**Aldursforseti réttanna, Páll Þorláksson frá Sandhóli, var mjög ánægður með hvernig til tókst.**

**„Hér er margt ungt fólk að eignast fé. Fyrir um tíu árum kom hér bakslag vegna riðu og því er þetta ánægjulegt.“**

**Ekkert áfengi sást í réttunum en Páll segist ekki muna eftir ölvuðum manni í Ölfusréttum.**

**„Þeir sem vilja fá sér bjór fara hér föstudaginn fyrir smölun í það sem við köllum skrautreið. Síðan mæta allir hressir í smölun daginn eftir,“ segir Páll.** - eh



**PÁLL ÞORLÁKSSON** Bóndi á Sandhóli í Ölfusi. FRÉTTABLAÐIÐ/MAGNÚS HLYNUR



**MIKIÐ MAGN** Á þessari mynd frá dönsku lögreglunni má sjá hvernig hluta amfetamínsins var pakkað í bíl.

# Aldrei þyngri dómar í dópmálum Íslendinga

Fimm Íslendingar dæmdir í fangelsi í Danmörku fyrir risavaxið fíkniefnasmygl. Þrír höfðu þegar hlotið þunga dóma. Dómarnir nema nú samtals 54 árum. Einn var dæmdur til vistar á geðspítala og annar á eftir að gangast undir geðrannsókn.

**DÓMSMÁL** Dómstóll í Danmörku kvað í gær upp dóma yfir fimm Íslendingum fyrir þátt þeirra í smygli á tæplega 70 kílóum af amfetamíni til landsins árin 2011 og 2012. Aldrei hafa jafnþungir dómar samanlagt verið kveðnir upp yfir Íslendingum í fíkniefnamáli.



**GUÐMUNDUR I. ÞÓRODDSSON**

Þrír Íslendinganna voru dæmdir í fangelsi; Ágúst Georg Csillag, 21 árs, hlaut tíu ára dóm fyrir að hafa farið í tvær smyglferðir til Hollands í nóvember 2011 og september 2012 og flutt til Danmerkur, ásamt öðrum, samtals tæp 50 kíló af amfetamíni. Þá var hann dæmdur fyrir að hafa verið tekinn með 2.000 e-töflur í förum sínum í seinna skiptið. Ágúst hefur áður hlotið dóma á Íslandi.

Erlingur Bergmann Karlsson, 24 ára, var dæmdur í sex ára fangelsi fyrir að fara í smyglferðina haustið 2012 og vera tekinn með e-töflurnar ásamt Ágústi Georg. Eins var fertugur íslenskur ríkisborgari, Enzo Rinaldi, dæmdur í sex ára fangelsi.

Þá var 38 ára gamall Íslendingur dæmdur til áframhaldandi vistar á geðspítala og frestað að ákvarða refsingu yfir þeim fjórða, 35 ára gömlum manni sem samkvæmt ákærunni var atkvæðamikill í smyglinu. Til stendur að hann gangist undir geðrannsókn til að hægt verði að meta sakhæfi hans.

Fyrr í sumar hlaut höfuðpaurinn í málinu, Guðmundur Ingi Þóroddsson, tólf ára dóm í málinu. Hann stóð frammi fyrir fjórtán ára fangelsisdómi en játaði sök og hjálpaði til við að upplýsa um þátt annarra og því fór saksóknari fram á vægari dóm. Guðmundur er með þunga dóma á bakinu á Íslandi fyrir fíkniefnasmygl.

Tveir Íslendingar til viðbótar hlutu tíu ára dóma í málinu í ágúst; Heimir Sigurðsson, 50 ára, og Sturla Þórhallsson, 25 ára.

Dómur var einnig kveðinn upp í gær yfir hinum höfuðpaurnum í málinu, Dananum Peter Baungård, sem hlaut tíu ára fangelsisdóm. Yfirréttur ytra þyngdi í sumar dóm sem hann fékk í fyrra fyrir annað fíkniefnamál úr ellefu árum í tólf. Baungård hlaut sextán ára fangelsisdóm árið 1994 fyrir að myrða 83 ára milljónamæring, höfuðkúpubrjóta hann með vínflösku og kyrkja hann síðan. Baungård var sá eini sem lýsti því yfir strax í gær að hann mundi áfrýja dómnum.

Í gær fékk Mads Malmquist Rasmussen, 29 ára, einnig sjö ára dóm. Fyrr í sumar hafði Juan Gorriateguy játað sök og hlotið átta ára fangelsi.

Íslenska fíkniefnalögreglan tók mikinn þátt í rannsókn málsins. Karl Steinar Valsson, yfirmaður hennar, segir dómana mjög þunga. „Þetta rennir stoðum undir það sem við sögðum í upphafi, að þetta sé eitt allra stærsta fíkniefnamál sem Íslendingar hafa nokkurn tímann komið nálægt.“

stigur@frettabladid.is

## Dómarnir

→ **Íslendingar**

**12 ár**
Guðmundur Ingi Þóroddsson

**10 ár**
Ágúst Georg Csillag

**10 ár**
Heimir Sigurðsson

**10 ár**
Sturla Þórhallsson

**6 ár**
Erlingur Bergmann Karlsson

**6 ár**
Enzo Rinaldi

- Einn dæmdur til vistar á geðspítala
- Ákvörðun refsingar eins bíður eftir geðrannsókn

→ **Aðrir**

**10 ár**
Peter Baungård

**8 ár**
Juan Gorriateguy

**7 ár**
Mads Malmquist Rasmussen


# Aukaársfundur
## og kjörfundur 2013

Stafir lífeyrissjóður boðar til aukaársfundar á Grand hóteli Reykjavík miðvikudaginnn 16. október 2013 kl. 17:00.

*Dagskrá:*

- **Tillaga stjórnar um nýtt bráðabirgðaákvæði í samþykktum Stafa til að tryggja að hlutföll kynja í stjórn sjóðsins verði lögum samkvæmt.**

**Aukaársfundurinn er opinn öllum sjóðfélögum Stafa, með málfrelsi og tillögurétt.**

Kjörfundur vegna stjórnarkjörs er boðaður kl 16:00 sama dag og á sama stað og aukaársfundurinn, 16. október. Þar verða nýir stjórnarmenn kjörnir, með fyrirvara um að tillaga stjórnar verði síðar samþykkt á aukaársfundinum.

Framboð til stjórnar skulu send kjörnefnd á netfangið kjornefnd@stafir.is eða berast skrifstofu Stafa skriflega að minnsta kosti viku fyrir fundinn, í síðasta lagi 9. október 2013.

**Einungis er hægt að tilnefna konur enda stendur til að auka við hlut kvenna í stjórninni í samræmi við fyrirmæli laga.**

*Stjórn Stafa lífeyrissjóðs*

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 • 110 Reykjavík • sími 569 3000 • stafir@stafir.is

www.stafir.is




# Nokkur sæti laus á síðasta Skrifstofuskóla haustannar!

**Kostar nú 44.000 í stað 209.000***

# Skrifstofuskóli NTV og Mímir-símenntun

240 stundir - 44.000 - Dagnámskeið byrjar 1. október og lýkur 23. janúar.
Kennt er þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá 13-17.

*Fræðslumiðstöð atvinnulífsins niðurgreiðir námið fyrir námsmenn sem ekki hafa lokið framhaldsnámi (stúdentsprófi eða hliðstæðri menntun). Án niðurgreiðslu Fræðslumiðstöðvarinnar kostar námið 209.000 kr. (Flest stéttarfélög styrkja einnig þetta nám)

Kennt er eftir nýrri vottaðri námskrá sem byggir á 16 ára reynslu NTV á skrifstofunámi. Markmiðið er að nemendur verði færir um að vinna almenn skrifstofustörf og sjá um að færa bókhald.

Skrifstofuskólinn hentar bæði þeim sem eru í leit að vinnu, á leið út á vinnumarkaðinn eftir nokkurra ára hlé, eða vilja styrkja stöðu sína í núverandi starfi. Þetta nám er mjög markvisst fyrir það hversu rík áhersla er lögð á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við ýmis krefjandi störf á vinnumarkaðinum.

**Helstu námsgreinar:**

Bókhald - Tölvubókhald - Sjálfstyrking - Mannleg samskipti - Verslunarreikningur
Tímastjórnun og markmiðasetning - Námstækni - Flott ferilskrá - Þjónusta - Hraðlestur
Tölvu- og upplýsingaleikni - (Stafræn samskipti - Netið - Word - Excel - Power Point)
Persónuleg færnismappa - Lokaverkefni

## Hvað segja nemendur okkar um námið:

Ég fór í nám hjá NTV til að styrkja stöðu mína á vinnumarkaði eftir langt hlé. Ég var í alla staði mjög ánægð með bæði námið og allt starfsfólk hjá þeim. Það þarf kjark til að fara að vinna aftur eftir mjög langt hlé og hann fann ég þarna. Ég kann þeim miklar þakkir fyrir.
**Kristbjörg Richter. Sölufulltrúi og móttökuritari.**

Ég hafði litla sem enga kunnáttu á tölvur og tölvubókhald þegar ég byrjaði en eftir eina önn var ég full af sjálfstrausti og fékk vinnu við bókhald í beinu framhaldi af náminu.
**María Magnúsdóttir Bókhald/Gjaldkeri**

Ég mæli hiklaust með Skrifstofuskólanum. Það var vel farið í námsefnið, sumt kunni maður, en annað ekki og þá var farið yfir það þar til maður náði því. :) Góður félagsskapur er í NTV og starfsfólkið frábært!
**Margrét Scheving**

Mjög skemmtilegt og hagnýtt nám. Aðstaðan er til fyrirmyndar og flottir kennarar:)
**Íris Björg Birgisdóttir**

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

**ntv**

# Skattrannsóknarstjóri braut á sakborningi

**Umboðsmaður Alþingis vill að skattrannsóknarstjóri rétti hlut manns sem sætti rannsókn árið 2009. Við hana hafi meðalhófs ekki verið gætt. Þurfum að lesa álitið vel og sýna auðmýkt, segir skattrannsóknarstjóri, sem er þó óviss um framhaldið.**

**STJÓRNSÝSLA** Skattrannsóknarstjóri gætti ekki meðalhófs við rannsókn sína á notkun Íslendings á erlendu greiðslukorti sínu árið 2009. Þetta er niðurstaðan í áliti umboðsmanns Alþingis sem birt var í gær. Umboðsmaður beinir þeim tilmælum til skattrannsóknarstjóra að „leitað verði leiða til að rétta hlut“ viðkomandi. Rannsókn á hendur honum hefur síðan verið látin niður falla.

Árið 2009 hóf skattrannsóknarstjóri athugun á notkun um fjörutíu manns á erlendum greiðslukortum. Sum málin voru kærð til lögreglu, sem fór í kjölfarið í húsleit og aflaði gagna í þágu rannsóknanna. Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra vísaði málunum svo aftur til skattrannsóknarstjóra, enda var rannsókn þeirra enn á frumstigi hjá embættinu.



Athugasemd umboðsmanns lýtur að tvennu; að skattrannsóknarstjóri, sem á þeim tíma hafði ekki heimildir til að óska sjálfur eftir dómsúrskurði til húsleitar, skuli hafa kært málin til lögreglu í þeim eina tilgangi að láta ráðast í húsleit, þótt rannsókninni hafi ekki verið lokið.

Hin athugasemdin snýr að því að þeim sem kvartaði til umboðsmanns út af málinu, sem ekki er nafngreindur í álitinu, hafi ekki verið gefið tækifæri til að afhenda gögnin sjálfviljugur áður en ákveðið var að ráðast í húsleit.

Í svörum skattrannsóknarstjóra við spurningum umboðsmanns bendir hann á að með því yrði viðkomandi gefið færi á að koma gögnunum undan.



> **Þetta er niðurstaðan og við skoðum hvað það hefur í för með sér.**
>
> *Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri*

„Það er okkar afstaða að maður þurfi að lesa vel það sem umboðsmaður segir og sýna ákveðna auðmýkt með það,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri. „Þetta er niðurstaðan og við skoðum hvað það hefur í för með sér.“

Hugsanlegt sé að niðurstaðan hafi áhrif á önnur mál þar sem embættið fór sömu eða svipaða leið. Enn eigi hins vegar eftir að skoða það.

Bryndís segist aðspurð ekki átta sig fyllilega á því hvað embættið geti gert til að rétta hlut þess sem kvartaði. Spurð um hugsanlegar bætur segir hún að það væri tæpast embættisins að hafa frumkvæði að slíkum greiðslum, ef til þeirra kæmi.

stigur@frettabladid.is


PIPAR\TBWA • SÍA • 131772



ELKA SJÓBLÚSSA
Verð 10.272 kr.



Sjávar-útvegur
Mikið úrval rekstrarvara fyrir fiskvinnslu og sjávarútveg.



SÓTTHREINSANDI MATVÆLASÁPA, 5 L
Verð 2.279 kr.



NITRILE ALLOGENA HANSKAR
Verð 1.650 kr.

REKSTRARLAND

Skeifunni 11 | Sími 515 1100
www.rekstrarland.is

MYNDARLEGUR
www.landrover.is

LAND ROVER
ABOVE AND BEYOND



*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla dísilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á **www.landrover.is**

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# ÚTSALA

## SÍÐUSTU DAGAR

**enn meiri verðlækkun af völdum vörum!**

MEIRI VERÐLÆKKUN MÁLNING 25% AFSLÁTTUR!




**ENN MEIRI VERÐLÆKKUN**
VERÐ ÁÐUR 9.995
NÚ **7.496** kr.
þú sparar: 2.499 kr

**Polytex 10 ltr.**
Veggmálning innanhúss.
7119970



Electrolux
5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

**ÚTSALA ÚTSALA**
VERÐ ÁÐUR 92.900
NÚ **73.990** kr.
þú sparar: 18.910 kr

**Þvottavél Electrolux**
EWP1064TDW, 1000 snúninga, 6 kg.
1805656




BLACK & DECKER

**ENN MEIRI VERÐLÆKKUN**
VERÐ ÁÐUR 13.995
NÚ **9.795** kr.
þú sparar: 4.200 kr

**Rafhlöðuborvél 12V**
EPC12CAB 2 rafhlöður.
5245999




**ENN MEIRI VERÐLÆKKUN**
VERÐ ÁÐUR 15.995
NÚ **10.995** kr.
þú sparar: 5.000 kr

NILFISK

**Háþrýstidæla C105.6-5**
105bar, 5m slanga. 440ltr/klst.
5254249

# LAGERHREINSUN

## 10% AUKAAFSLÁTTUR

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!

**10% AUKAAFSLÁTTUR AF VÖRUM Á LAGERHREINSUN**



**LAGERHREINSUN**
~~1.500 kr/m²~~
~~750 kr/m²~~
NÚ **675** kr/m²



**LAGERHREINSUN**
~~29.875 kr~~
~~9.999 kr~~
NÚ **8.999** kr

**Lagerhreinsun markaður í Skútuvogi**

Flísar • Hreinlætistæki
Málningarvörur • Parket
Festingavörur • Verkfæri
Fatnaður • Baðfylgihlutir
Búsáhöld og margt fleira.

**Veggflísar**
MOYUA MARRON 27X41.5 cm
8600546

**Sturtuhorn**
8028601

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Birt með fyrirvara um myndavíxl og innsláttarvillur, úrval getur verið misjafnt milli verslanna.



INGA KRISTJÁNSDÓTTIR
Næringarþerapisti D.E.T. kennir ykkur hve einfalt það getur verið að bæta mataræðið og hvaða ráð hún hefur til þess.



VILTU BREYTA MATARÆÐINU TIL BATNAÐAR Á EINFALDAN OG ÖFGALAUSAN HÁTT?

þriðjudagur 1. okt. 4.900 kr.

Á NÁMSKEIÐINU VERÐUR FARIÐ YFIR:
Hverju er hægt að skipta út og hvað kemur í staðinn.
Hvernig hægt er að þekkja muninn á hollri og skaðlegri fitu.
Hvernig þú getur haldið fullri orku allan daginn og losnað við sykurþörf og þreytuköst.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 899 5020 eða á inga@inga.is

HEILSUHÚSIÐ LÁGMÚLA 5, KL. 18:30 – 21:00
Ný og endurbætt 70 blaðsíðna mappa fylgir - fullt af uppskriftum og fróðleik.

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI
Heilsuhúsið 1979









**MÓTMÆLT** Kristnir eru minnihlutahópur í Pakistan en 96 prósent landsmanna eru múslímar. NORDICPHOTOS/AFP

Kristnir menn efndu til mótmæla í Pakistan:

# Kröfðu stjórnvöld um vernd gegn árásum

**PAKISTAN, AP** Kristnir Pakistanar efndu í gær til mótmæla víða um landið og kröfðust þess að stjórnvöld í landinu vernduðu þá gegn árásum íslamskra hryðjuverkamanna.

Tveir liðsmenn herskárra talibana sprengdu sig í loft upp við sögufræga kirkju í pakistönsku borginni Peshawar á sunnudag.

Sjö fórnarlömb sprengjuárásanna létust í gær til viðbótar við þá 78 sem féllu á sunnudag. Árásirnar eru þær mannskæðustu sem beint hefur verið gegn kristnum mönnum í landinu.

„Pakistanska ríkið og leyniþjónustur okkar eru svo veikburða að hver sem er getur drepið hvern sem er, hvenær sem er,“ sagði Paul Bhatti, talsmaður samtaka minnihlutahópa í landinu, þegar mótmælin í gær stóðu sem hæst.

Árásirnar voru að sögn talsmanna talibana gerðar til að hefna fyrir árásir ómannaðra sprengjuvéla Bandaríkjahers á svæði talibana í Pakistan.

Stjórnvöld í Pakistan lýstu í gær yfir þriggja daga þjóðarsorg vegna mannfallsins í kjölfar árásanna. **- hg**

Skipulagsfulltrúi hrífst af gjafaverki CCP:

# Listaverkagjöf verði við hús gefandans

**MENNINGARMÁL** Embætti skipulagsfulltrúa tekur jákvætt í að Reykjavíkurborg þiggi listaverkagjöf frá tölvuleikjafyrirtækinu CCP en vill þó ekki að verkið verði í Vesturbugt Reykjavíkurhafnar.

„Mælt er með því að verkinu verði fundinn staður við Sæbrautina eða á lóð CCP á Grandagarði,“ segir skipulagsfulltrúi sem þannig leggur til að listaverkið verði sett upp við hús gefandans.

Skipulagsfulltrúi segist ekki geta fallist á tillögu safnstjóra Listasafns Reykjavíkur um að verkið verði við Vesturbugtina því ekki sé tímabært að hafa áhrif á deiliskipulagsvinnu fyrir svæðið sem nú sé í vinnslu.



**HEIMAR Í HEIMI** Verk Sigurðar Guðmundssonar úr stáli, áli, steini og steypu. MYND/SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

Umhverfis- og skipulagsráð hefur samþykkt umsögn skipulagsstjóra. Eins og fram kemur í meðfylgjandi útdrætti úr henni er mikil hrifning hjá embættinu á verki Sigurðar Guðmundssonar myndlistamanns. **- gar**

## Í nettu samspili við fornan varandleika

„Efnisnotkun verksins er hrein og gengur formfræðin út á samspil verptra grunnforma á afmörkuðum velli pallsins. Návígi voldugra og lóðréttra forma úr ólíkum grunnefnum eru líkleg til að skapa áhugavert samspil sem geta glætt og aukið skynjunarlega upplifun á borgarrýminu.
Í einfaldleika sínum getur verkið fengið jafnt listunnendur og hinn óvænta upplifanda til að staldra við og njóta samspils borgarrýmis, náttúru og listar í því netta samspili forns varandleika og léttleika tækninnar sem verkið ber með sér.“

*Úr umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkur.*




ENNEMM / SÍA / NM57928

Vertu með fyrirtækið
í **sterkara sambandi**

**Láttu sérfræðinga okkar finna lausnina sem hentar þínu fyrirtæki.**

Í Þjóðleikhúsinu vinnur fjöldi skapandi fólks við það að láta galdurinn ganga upp á hverju kvöldi. Eins og rúmlega 15.000 önnur íslensk fyrirtæki treystir það á fyrirtækjaþjónustu Símans.

Síminn býður fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum upp á bæði fjarskipta- og upplýsingatækniþjónustu. Starfsfólkið getur þannig einbeitt sér að sínu aðalhlutverki meðan Síminn sér um rekstur, viðhald og öryggi kerfanna.

Nánar á siminn.is eða í síma 800 4000.

Síminn

SUBARU
Confidence in Motion

SPARNEYTNIR OG TRAUSTIR
Gerðu örugg bílakaup – veldu Subaru

NÝR DÍSIL SJÁLFSKIPTUR

Subaru Outback 2.0TD, sjálfskiptur, dísil
Verð: 6.990.000 kr.
6,4 l / 100 km
í blönduðum akstri


Subaru Forester PREMIUM, sjálfskiptur
Verð: 5.790.000 kr.
6,5 l / 100 km
í blönduðum akstri


Subaru XV 2.0i, sjálfskiptur
Verð: 5.390.000 kr.
6,6 l / 100 km
í blönduðum akstri

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080




# Keníaher yfirbugaði sómalíska íslamista

**Þriggja daga umsátri um verslunarmiðstöð í Naíróbí lauk í gær með innrás hers og lögreglu. Stjórnvöld segja um tíu manns hafa verið handtekna, en tvo gíslatökumanna hafa látist í átökunum. Hundruð gísla fengu frelsið en tugir létu lífið.**

**KENÍA** Á laugardaginn réðst hópur manna inn í verslunarmiðstöðina Westgate í Naíróbí, höfuðborg Kenía. Mennirnir voru vopnaðir handsprengjum og skotvopnum.

Meira en þúsund manns voru gíslar í verslunarmiðstöðinni þangað til í gær, þegar her og lögregla landsins réðust til atlögu gegn árásarmönnunum.

Stjórnvöld sögðu síðdegis í gær búið að frelsa flesta gíslana, en átökin síðustu daga hafa kostað nærri 70 manns lífið.

Um tíu manns voru handteknir í gær, en tveir gíslatökumannanna létu lífið í átökum.

Al Shabab, samtök herskárra íslamista í nágrannaríkinu Sómalíu, lýstu yfir ábyrgð á árásinni og gíslatökunni. Þau segja hana vera hefndaraðgerð vegna þátttöku kenískra hermanna í átökum í Sómalíu, þar sem samtökin hafa undanfarið átt í vök að verjast.

Samtökin eru tengd Al Kaída og hafa ráðið yfir stórum hluta sunnanverðrar Sómalíu síðustu misserin en átt í stöðugum átökum, bæði við stjórnarherinn í Sómalíu og liðsveitir frá Afríkubandalaginu, en einnig innbyrðis átökum sem virðast sprottin upp af ágreiningi milli ættbálka.

Sómalía hefur árum saman verið nánast stjórnlaus vegna borgarastyrjaldar sem veikburða stjórnvöld hafa ekkert ráðið við. Ástandið hefur heldur skánað undanfarið, eftir að hersveitir frá ríkjum Afríkubandalagsins komu stjórnarhernum til aðstoðar.

Engan bilbug hefur samt verið að finna á Al Shabab, sem einnig hefur fengið til liðs við sig herskáa íslamista frá ýmsum löndum.

Samtökin lýstu yfir ábyrgð á tveimur sjálfsvígsárásum í Úganda árið 2010, sem kostuðu meira en sjötíu manns lífið. Þær árásir voru taldar hefndaraðgerð vegna þátttöku úgandískra hersveita í hernaði Afríkubandalagsins í Sómalíu, rétt eins og árásin í Naíróbí núna virðist tengjast þátttöku keníska hersins í þeim átökum.

Hasan Sheikh Mahamúd, forseti Sómalíu, segir árásina í Naíróbí staðfesta að Al Shabab hafi fært út kvíarnar og starfi ekki lengur eingöngu innan Sómalíu. Öllum heiminum stafi nú hætta af þessum samtökum.

gudsteinn@frettabladid.is

## AÐDRAGANDI ÁRÁSARINNAR Í KENÍA

**Al Shabab eru samtök herskárra íslamista í Sómalíu, nágrannaríki Kenía. Innri átök hafa verið um völd í samtökunum og virðast þau snúast um ágreining milli ættbálka. Samtökin hafa auk þess átt í vök að verjast undanfarið gegn hersveitum Sómalíustjórnar og Afríkubandalagsins. Þetta gæti hafa átt sinn þátt í árásinni í Kenía.**




Heimildir: Fréttastofur Ljósmyndir: Getty, AP © GRAPHIC NEWS

**70**

Nærri sjötíu manns hafa látið lífið síðustu daga í tengslum við gíslatöku í Naíróbí.





Vísindakaffi á Súfistanum,
Máli og menningu í kvöld kl. 20:00 - 21:30

Málefnið í kvöld er:

Krabbamein í blöðruhálskirtli – mein eða meinleysi?

Eiríkur Jónsson þvagfæraskurðlæknir og Gunnar Bjarni Ragnarsson krabbameinslæknir.

Krabbamein í blöðruhálskirtli er algengasta krabbamein íslenskra karla, en um 220 greinast og 50 látast úr sjúkdómnum árlega. Sjúkdómurinn er algengur á efri árum og oft hægfara þannig að mjög skiptar skoðanir eru um hversu vasklega skuli ganga fram við að greina hann snemma og meðhöndla. Krabbamein í blöðruhálskirtli er í huga leikmannsins eitt fyrirbæri á meðan læknirinn lítur á það sem róf margra sjúkdóma.

rannís
Vísindakaffi Allir velkomnir!
Vísinda Vaka www.visindavaka.is



**RÓMAFÓLK** Ungverskir hælisleitendur í Svíþjóð haustið 2006. NORDICPHOTOS/AFP

Sænska lögreglan:

## Gagnagrunnur yfir rómafólk

**SVÍÞJÓÐ** Saksóknari í Svíþjóð telur að lögreglan á Skáni kunni að hafa gerst sek um lögbrot fyrir að halda ólöglegan gagnagrunn yfir rómafólk víða um landið.

Í gagnagrunninum eru persónuupplýsingar um yfir 4.000 einstaklinga, þar af meira en eitt þúsund börn. Greint er frá því á vef Dagens Nyheter að sjötíu manns innan lögreglunnar víða um Svíþjóð hafi haft aðgang að gagnagrunninum.

Í grunninum eru meðal annars upplýsingar um marga einstaklinga sem ekki eru á sakaskrá, látna einstaklinga og smábörn sem sum eru undir tveggja ára aldri. Rannsókn er hafin á málinu. - ibs

Mistök á norsku sjúkrahúsi:

## Röng blóðgjöf og flökkubarn

**NOREGUR Í annað skiptið sem Eirin Olseng var gefið blóð á sjúkrahúsinu Østfold í Noregi vegna mikils blóðmissis í tengslum við barnsfæðingu var um rangan blóðflokk að ræða, að því er norskir fjölmiðlar greina frá.**



**Daginn eftir fæðingu fjórða barns síns var föðurnum, Jonas Olseng, greint frá því að barnið lægi hjá móður sinni á gjörgæsludeildinni. Það gerði hinn nýfæddi sonur hins vegar ekki. Hann lá í vöggu við hlið annarrar konu á deildinni sem er með eftirnafnið Olsen.**

**Yfirmenn sjúkrahússins harma mistökin.** - ibs



**STEFÁN KARL STEFÁNSSON** Formaður Regnbogabarna er í sókn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eineltisfyrirlestrar á vefnum:

## Regnbogabörn efla heimasíðu

**FÉLAGSMÁL** Fræðsluráð Hafnarfjarðar hefur samþykkt að taka upp viðræður við Regnbogabörn um hálfrar milljónar króna styrk á ári næstu þrjú árin. Samtökin, sem berjast gegn einelti, ætla að nota féð til að halda úti netsíðunni fyrirlestrar.is. Stefnt er að því að eitt hundrað fyrirlestrar auk annars fróðleiks verði komnir inn á síðuna á næsta ári.

Í bréfi Regnbogabarna til Hafnarfjarðarbæjar segir að löngu tímabært sé að stofna slíkt vefsvæði þar sem forvarnir og fræðsla séu aðgengileg öllum á einum stað. - gar

Reykjavíkurborg þróar sameiginlegan gagnagrunn fyrir yfirmenn í skólamötuneytum:

# Betri og hollari matur fyrir krakkana

**HEILBRIGÐISMÁL** Í sameiginlegum gagnagrunni fyrir yfirmenn í skólamötuneytum Reykjavíkur sem verið er að þróa verða uppskriftir og matseðlar sem uppfylla orku- og næringarþörf barna miðað við aldur. Hvert mötuneyti getur samt áfram matreitt að sínum hætti.

„Það borða um tuttugu þúsund börn á dag í skólum, leikskólum og á frístundaheimilum í Reykjavík þannig að þetta er gríðarlega stórt og mikilvægt verkefni. Þetta á að verða betra fyrir krakkana en það er ekki þar með sagt að það sé slæmt. Það má ekki misskilja það,“ segir Helga Sigurðardóttir, gæðastjóri í mötuneytisþjónustu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Hún bætir við að um tilraunaverkefni sé að ræða í samvinnu við tæplega tíu grunn- og leikskóla fyrst um sinn.



**HELGA SIGURÐARDÓTTIR**

„Fyrirhugað er að skipta skólamötuneytunum upp í sex hverfi og samræma hráefniskaup þeirra. Þegar matseðlar mötuneytanna verða gerðir fram í tímann verða innkaup birgja og framleiðsla einnig auðveldari.“

Helga tekur það fram að allir yfirmenn mötuneyta geti nýtt sameiginlega gagnagrunninn. „Það er jákvætt að taka eigi þessi mál fastari tökum með samræmingu.“ -ibs



**SKÓLAMÖTUNEYTI** Maturinn á að uppfylla orku- og næringarþörf miðað við aldur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


# Kókoshnetuolía

## *Einstaklega holl og næringarrík*

**Kókoshnetuolía inniheldur hátt hlutfall af lárinsýru, eykur upptöku og nýtingu á omega 3 og 6 fitusýrum, bætir meltingu, örvar brennslu, styrkir ónæmiskerfið, er græðandi, sótthreinsandi og góð fyrir liði, húð og hár.**

### Kaldpressuð/jómfrúar

Upplögð í
- þeytinginn
- grautinn
- baksturinn
- til að smyrja bökunarform
- te og kaffi
- til inntöku ein og sér, t.d. 1–2 msk daglega
- næring fyrir húð og hár

### Bragð- og lyktarlaus

Upplögð
- þegar kókosbragðs er ekki óskað
- til steikingar á kjöti, fiski og grænmeti
- til að poppa popp
- til að smyrja bökunarform
- út í te og kaffi




Heilbrigð skynsemi Yggdrasill heildsala | yggdrasill.is HIMNESK HOLLUSTA

Firring stjórnmálamanna nær nýjum hæðum:

# … verra er þeirra réttlæti

Heilbrigðiskerfið er á heljarþröminni. Um það velkist enginn í vafa. Aðgerða er þörf, helst í gær, en hvaða aðgerðir það ættu að vera er öllu erfiðara að negla niður. Loka Hörpunni? Hætta að greiða listamannalaun? Sameina háskóla? Færa alla heilbrigðisþjónustu til einkaaðila? Láta þá sem veikjast bera allan kostnað af því sjálfa? Enginn þessara kosta er vænlegur, svo vægt sé til orða tekið. Eiginlega nær að segja að þeir séu hver öðrum verri.

Með fullri virðingu fyrir nauðsyn þess að viðhalda hér blómlegu menningar- og listalífi er þó sú hugmynd að láta sjúklinga greiða fyrir innlagnir á sjúkrahús einna skelfilegust. Menning og listir brjóta sér farveg hverjar sem aðstæðurnar eru en dauðveikt fólk á ekki marga möguleika á því að koma sér sjálft til heilsu. Það er virkilega ógnvekjandi staða að eiga þess ekki kost að hljóta lækningu vegna fjárskorts.



Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Óhuggulegast er þó að hugmyndin er sett fram sem réttlætismál og þjónusta við sjúklinga. „Markmiðið er að þeir sem eru mikið og langveikir og þurfa stöðugt og mikla þjónustu, bæði sérfræðinga, lyf, rannsóknir og myndatökur, að þeir séu verndaðir. En hinir sem verða einstaka sinnum veikir, kannski á fimm ára fresti, borgi þá þeim mun meira," sagði Pétur Blöndal, formaður þverpólitískrar nefndar um breytingar á kostnaðarþátttökukerfi sjúklinga, í fréttum Stöðvar tvö á sunnudagskvöldið. Verndin er þó ekki meiri en svo að talað er um að hver sjúklingur greiði 120.000 krónur áður en hann á rétt á ókeypis læknisþjónustu. Þannig eru hugmyndir hinnar þverpólitísku nefndar um fjárhagslegt bolmagn aldraðra, öryrkja og langveikra sem eðli málsins samkvæmt þurfa mest á þjónustu sjúkrahúsa að halda.

120.000 krónur er kannski ekki há upphæð í huga þeirra sem ekki þekkja skort. Skitnar tíu þúsund krónur á mánuði á ársgrundvelli. Hver hefur svo sem ekki efni á því? Svarið er einfalt: Þeir sem við verstu kjörin búa hafa ekki efni á því að borga 120.000 krónur á ári fyrir sjúkrahúsþjónustu. Og verði þessar tillögur að lögum er hætt við því að fólk kinoki sér við því að leita læknis, hvað þá leggjast inn á spítala þótt þörfin sé brýn. Fjöldi fólks er nú þegar í þeirri stöðu að hafa ekki efni á að leita sér lækninga vegna fjárskorts og þessi hugmynd bætir gráu ofan á svart fyrir þá sem þurfa að velja milli þess að eiga fyrir mat ofan í börnin sín eða sjálfa sig eða leyfa sér þann lúxus að kaupa nauðsynleg lyf eða fara í dýrar rannsóknir á heilbrigðisstofnunum. Það hefur því verið þrautalending hjá læknum að leggja fólk sem lífsnauðsynlega þarf á slíkri þjónustu að halda inn á sjúkrahús þar sem rannsóknir eru enn sjúklingum að kostnaðarlausu. Verði þessar hugmyndir nefndarinnar að lögum er loku skotið fyrir þann möguleika og þá eru fáir valkostir eftir fyrir verst settu sjúklingana. Er það kannski markmiðið að láta þá sem erfiðast eiga deyja drottni sínum og létta þannig byrðar almannatryggingakerfisins? Það er auðvitað ein leið til sparnaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Höfuðborgarsvæðið og umferðin**

Guðlaugur Þór Þórðarson alþingismaður vakti um helgina athygli á því hve höfuðborgarsvæðið hefur setið á hakanum hvað varðar framlög til samgöngumála. Allt frá árinu 2007 til 2011 segir Guðlaugur Þór að framlög til nýframkvæmda og viðhalds í Reykjavík hafi verið 2,1 prósent af heildarframlögum til vegamála og árið 2011 aðeins eitt prósent. Ekkert hafi komið á síðasta ári og þannig verði það næstu tíu ár, vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga frá síðasta ári. Á meðan sé það svo að tæpur helmingur allra alvarlegra umferðarslysa á landinu ár hvert eigi sér stað á höfuðborgarsvæðinu.



**Höfuðborgarsvæði alls landsins**

Þetta er sannarlega sláandi. Átta sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sig ekki á stöðu sinni? Er Reykjavík ekki höfuðborg alls landsins? Það er, og á að vera, réttur þeirra sem sækja borgina heim, hvort sem er í persónulegum erindum eða vegna vinnu, að njóta öruggra og greiðra umferðarsamgangna. Og þá er ekki verið að tala um einhverja hjólastíga og brýr. Það hjólar enginn í borgina utan af landi. Þetta kallar á undirskriftasöfnun.

**Kreppan búin**

Þrátt fyrir allt kvabb má nú endanlega segja að Íslendingar séu búnir að kasta af sér kreppunni. Allt tal um að hér sé allt í kaldakoli hlýtur að blikna við að horfa upp á fólk í biðröð að kaupa 150.000 króna síma og 12.000 króna ofbeldistölvuleiki. Þetta er ekki bara einhver elíta sem er að gera sér dagamun því að talið er að yfir 40.000 iPhone-símar séu í umferð hér á landi og tveir af hverjum þremur Íslendingum eigi snjallsíma. Rétt upp hönd sem vill að fólk sem á iPhone fái skuldaleiðréttingu! Eða – kannski hefur Sigmundur þegar sent út tékkann góða, gegn loforði um þagmælsku, í formi gjafabréfs upp á einn iPhone.



thorgils@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Dómsvald Vegagerðarinnar

SKIPULAG



**Guðmundur Hörður Guðmundsson**
formaður Landverndar

Nú er unnið að því að leggja Álftanesveg í gegnum Gálgahraun. Vegagerðin hefur fyrirskipað Íslenskum aðalverktökum að ráðast í hraunið þrátt fyrir að fern náttúruverndarsamtök með Hraunavini í broddi fylkingar hafi höfðað mál til að skera úr um hvort framkvæmdin sé lögleg. Deilt er um gildi framkvæmdaleyfis og umhverfismats. Framkvæmdaleyfið var gefið út árið 2009 til eins árs og er því útrunnið. Þá er umhverfismatið orðið meira en ellefu ára gamalt.

Tveir úrskurðir hafa gengið um málið á stjórnsýslustigi og hafa þeir snúist um formhlið málsins en ekki efni. Það þótti því nauðsynlegt að leita álits dómstóla á lögmæti framkvæmdarinnar og því var mál þess efnis þingfest í sumar. Í stað þess að sýna vandaða stjórnsýslu og bíða niðurstöðu dómstóla ákváðu forsvarsmenn Vegagerðarinnar að skrifa undir verksamning við Íslenska aðalverktaka tveimur vikum eftir þingfestinguna. Þeir þrýsta á verktakann að hefjast nú þegar handa við að ryðja hraunið.

Með því brýtur stofnunin stjórnsýslulög og stjórnarskrárvarin réttindi almennings. Í 70. gr. stjórnarskrárinnar segir að allir eigi rétt á að fá úrlausn um réttindi sín með réttlátri málsmeðferð fyrir dómstólum. Í 12. gr. stjórnsýslulaga er fjallað um svonefnda meðalhófsreglu, en þar segir að stjórnvald skuli aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði verður ekki náð með öðru og vægara móti. Inntak meðalhófsreglunnar er m.a. að þegar val stendur um fleiri úrræði en eitt til þess að þjóna settu markmiði skuli velja það úrræði sem minnstri röskun veldur. Í þessu ljósi ber Vegagerðinni að bíða niðurstöðu dómstóla áður en hún hefur óafturkræfar framkvæmdir í Gálgahrauni.

> ➜ **Því ber ráðherranum að sjá til þess að deilan um vegagerð í Gálgahrauni verði leyst fyrir dómstólum líkt og siðaðra manna er háttur.**

Vegamálastjóri hefur engu að síður fullyrt í fjölmiðlum að stofnunin þurfi ekki að bíða niðurstöðu dómstóla og virðist þannig álíta að stofnunin sé þriðja dómstigið í landinu. Vegagerðin heyrir undir innanríkisráðherra. Sami ráðherra er yfirmaður dómsmála og á sem slíkur að gæta þess að almenningur njóti réttaröryggis gagnvart ríkisstofnunum. Því ber ráðherranum að sjá til þess að deilan um vegagerð í Gálgahrauni verði leyst fyrir dómstólum líkt og siðaðra manna er háttur.

# Flensa, inflúensa eða bara pest

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



> Algengast er að slíkt læðist aftan að manni án fyrirvara og yfirleitt þegar maður hefur akkúrat engan tíma til að vera veikur.

Hver kannast ekki við að finna fyrir kuldahrolli, slappleika, beinverkjum, oftsinnis höfuðverk og vita þá og þegar að það er eitthvað í aðsigi, maður er að verða lasinn! Hiti hækkar skyndilega og það er best að koma sér heim og upp í rúm bara, já, fá að vera í friði og liggja þetta úr sér. Algengast er að slíkt læðist aftan að manni án fyrirvara og yfirleitt þegar maður hefur akkúrat engan tíma til að vera veikur.

Í umræðunni er oft talað um flensu, það er nokkurs konar samheiti almennings fyrir umgangspestir sem herja á okkur frá hausti og yfir vetrartímann. Þær geta verið skæðar og lagt mann í rúmið í marga daga þess vegna, en slíkar pestir eru yfirleitt á grundvelli veirusýkinga. Þær eru algengasta form sýkla sem ráðast á mannslíkamann og við þeim eigum við litlar varnir í formi sýklalyfja. Tegundir veirusýkinga eru æði margar og einkenni keimlík, til viðbótar við það sem ég nefndi að ofan eru hósti, nefrennsli, hálsbólga og hæsi svo dæmi séu tekin. Það hefur oftast nær lítinn tilgang að reyna að átta sig á þeim frekar nema undir sérstökum kringumstæðum. Líkaminn lagar þetta af sjálfu sér og það besta er að hann man við hverja hann hefur barist áður svo við veikjumst ekki aftur af sömu veirunni.

### Getur valdið miklum usla

Þegar læknar tala um flensu er það stytting á orðinu inflúensa sem er ákveðin tegund veirusýkingar sem kemur árlega, yfirleitt í nýjum búningi hverju sinni svo okkur er hætt við að smitast af henni á hverju ári upp á nýtt. Munurinn á inflúensu og hefðbundnum umgangspestum er í stuttu máli að hún er öflugri ef svo mætti kalla, henni fylgir lengra veikindatímabil og einstaklingar eru einnig veikari almennt þegar þeir fá hana. Þannig má segja að það sé meiri hætta á fylgikvillum og erfiðari sýkingum eins og lungnabólgu, nýrnabilun og lifrarvanda til viðbótar við sýkinguna sjálfa. Minniháttar veirupestir eru mestmegnis á haust- og vetrarmánuðum, jafnvel fram á vorið, en inflúensan kemur yfirleitt í kringum áramót og nær hámarki í janúar eða febrúar.

Inflúensa hefur valdið miklum usla í gegnum tíðina og hafa heimsfaraldrar brotist út sem hafa kostað milljónir mannslífa líkt og spænska veikin árið 1918. Nokkrir stærri faraldrar hafa komið upp á seinni tímum sem þó hafa ekki verið jafn mannskæðir, t.a.m. 1957, 1978 og núna síðast árið 2009 þegar alheimsviðbragði var lýst yfir vegna nýrrar inflúensuveiru, svokallaðrar svínaflensu.

### Mikilvægt að verjast

Árleg inflúensa kemur verst niður á eldri kynslóðinni og einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma. Því er mikilvægt að verjast henni. Smitleiðir eru í gegnum dropa og snertismit og til að hindra útbreiðslu almennt er ráðlagt að hósta eða hnerra í bréfþurrkur, henda þeim í ruslið, þvo sér um hendur og ef maður er veikur að halda sig heima við. Þá er einnig hægt að láta bólusetja sig.

Um þessar mundir er að fara af stað að nýju árleg bólusetning gegn inflúensu en undanfarin ár hefur bóluefnið verið þannig úr garði gert að það veitir vörn gegn fleiri undirstofnum hennar. Umræðan um skaðsemi bólusetninga er viðvarandi og yfirleitt meira í formi upphrópana og á tilfinningalegum grunni byggð, ekki skal þó gert lítið úr henni og hefur hún áhrif á samfélagið í heild sinni. Mikil umræða átti sér stað um drómasýki í kjölfar svínaflensubólusetningar svo dæmi séu tekin. Það er þó mikilvægt að átta sig á því að ástæðan fyrir endurteknum bólusetningum byggir á breytileika og útsjónarsemi veirunnar að komast undan vörnum líkamans, koma honum á óvart og sýkja hann.

Bóluefni er almennt ráðlagt þeim sem eru í áhættuhópum, en til þeirra má telja alla sem eru eldri en 60 ára, öll börn og fullorðna sem þjást af langvinnum, hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum eða eru ónæmisbældir eða í slíkri meðferð. Þess utan er talsvert bólusett á vinnustað og hjá almenningi til að hindra keðjuverkandi veikindi. Óhætt er að segja að Íslendingar hafi hingað til verið virkir og látið bólusetja sig og þannig komið í veg fyrir óþarfa veikindi. Því hvet ég þá sem hafa hug á slíku að skrá sig til bólusetningar nú í haust og minnka líkurnar á smiti.

## AF NETINU

### Þolir ekki hópefli

Mikið skil ég Brynjar Níelsson vel. Hann þolir ekki hópefli, ekki einu sinni hópefli þingmanna ríkisstjórnarinnar á Nesjavöllum. „Ég hef engan sérstakan húmor fyrir svona uppákomum en ég var neyddur til að fara og taka þátt … En sem betur fer þurftum við ekki að gista og fórum heim um nóttina.“ Minnir mig á hópefli, sem Eyjólfur Sveinsson stóð fyrir á Leirubakka. Þar áttu DV starfsmenn að stilla saman strengi, auglýsingamenn og blaðamenn. Auðvitað víðáttu-vitlaust. Ég passaði mig á að geta komizt undan á eigin bíl. Í sumum starfsgreinum er hópefli ekki við hæfi. Einmitt í lýðræðislegri starfsemi.

http://www.jonas.is/

*Jónas Kristjánsson*

### Stórsigur Merkel

**Hún er langsterkasti leiðtoginn í Evrópu, þessi efnafræðingur sem í þrjátíu og fjögur ár lifði undir kommúnistastjórn í Austur-Þýskalandi.Þetta er næsta ótrúlegur ferill, hún hefur verið kanslari Þýskalands síðan 2005 – og nú bíða hennar að minnsta kosti fjögur ár í viðbót í því embætti. Merkel þarf að semja við flokk Sósíaldemókrata um stjórnarmyndun. Það verður svokölluð „stór samsteypustjórn“. Hún þekkir það, fyrstu fjögur árin í kanslaraembætti stjórnaði hún með krötunum. Eftir það biðu þeir reyndar afhroð í kosningum, og nú rétta þeir aðeins úr kútnum.**

http://eyjan.pressan.is

*Egill Helgason*





**Conference held by the Minister of Industry and Commerce, the Icelandic Competition Authority and the Icelandic Competition Appeals Committee**

**Date:** Friday September 27 2013 | **Time:** 8:00 to 16:00 | **Location:** Radisson Hotel Saga

A broad spectrum of 30 policymakers, business-leaders, officials and academics discuss competition policy in a small and modern economy and the prospects and challenges of competition law, both in general (morning session) and as regards more specific challenges (afternoon session).

http://www.samkeppni.is/

## Morning session

- How can we pave the way to more efficient markets?
- Resurrection following the crisis. Where do we go from here?
- What can the government do to increase competition in the public sector?

*08:30 – 09:40*
- **Ragnheiður Elín Árnadóttir**, *Minister of Industry and Commerce*

**Keynote Speaker: Angel Gurría** *Secretary-General of the OECD*

- **John M. Connor**, *Professor Emeritus of Economics, Purdue University, US.*

*10:00 – 10:45*
- **Þorsteinn Víglundsson**, *Confederation of Icelandic Employers (SA)*
- **Christine Meyer**, *Director General of the Norwegian Competition Authority.*
- **Páll Gunnar Pálsson**, *Director General of the Icelandic Competition Authority*

*10:50 – 11:45*
Discussion with **Angel Gurría** and other speakers
Moderator: **- Ari Kristinn Jónsson**, President of Reykjavik University

*Conference chair: -* **Kristín Haraldsdóttir**, *Chairman of the Board of the Competition Authority*

**A new report on the Resurrection of Icelandic companies and the state of play in terms of competition will be introduced during the morning session.**

## Afternoon session – Workshops in parallel sessions

*12:30 – 14:00*

**Workshop 1: Advocacy challenges - Competition policy as a tool to promote efficiency in the public sector.**

Panelists:
- **Vilhjálmur Egilsson**, *Rector at Bifröst University (moderator)*
- **Illugi Gunnarsson**, *Minister of Education, Science and Culture*
- **Kristina Geiger**, *Deputy Director of the Swedish Competition Authority*
- **Cristiana Vitale**, *Senior Competition Policy Expert, OECD*
- **Victor D. Norman**, *Professor of Economics, Norwegian School of Economics (NNH), and former minister of competition affairs*
- **Björn Zoega**, *CEO of Landsspitali University Hospital*
- **Oddur Steinarsson**, *, CEO and Chief Physician, Nötkärnan Kortedala, Primary Health Care Center, Gothenburg, Sweden*

**Workshop 2: Optimal deterrence effect of competition law enforcement.**

Panelists:
- **Helga Melkorka Óttarsdóttir**, *Supreme Court Attorney (moderator)*
- **John M. Connor**, *Professor Emeritus of Economics, Purdue University, US*
- **Páll Hreinsson**, *Judge at the EFTA Court*
- **Tim Ward**, *QC Barrister.*
- **Jóna Björk Helgadóttir**, *District Court Attorney at Landslög Law Offices*
- **Ásgeir Einarsson**, *Deputy Director General of the Icelandic Competition Authority*

*14:30 – 16:00*

**Workshop 3: Enforcement challenges in network markets – The case of the telecommunications market.**

Panelists:
- **Kristín Haraldsdóttir**, *Chairman of the Board of the Competition Authority (moderator)*
- **Tim Ward**, *QC Barrister.*
- **Heiðrún Jónsdóttir**, *District Court Attorney at Aktis Law Offices and member of the board of Skipti hf.*
- **Jóakim Reynisson**, *CTO of Nova ehf. (telecom company)*
- **Dóra Sif Tynes**, *Senior Legal Officer, EFTA Secretariat*
- **Páll Gunnar Pálsson**, *Director General of the Competition Authority*

**Workshop 4: Competition as a tool to deal with the aftermath of the financial crisis.**

Panelists:
- **Hreggviður Jónsson**, *Chairman of the Board of the Iceland Chamber of Commerce (moderator)*
- **Miguel de la Mano**, *Head of Unit, Financial Markets, European Commission*
- **Birna Einarsdóttir**, *CEO of Íslandsbanki* **- Jóhannes Karl Sveinsson**, *Chairman of the Competition Appeals Committee*
- **Victor D. Norman**, *Professor of Economics, Norwegian School of Economics (NHH), and former minister of competition affairs*
- **Benedikt Árnason**, *Chief Economist of the Icelandic Competition Authority*

PORT hönnun

ATVINNUVEGA- OG NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTI
SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ
Áfrýjunarnefnd Samkeppnismála

## MERKISATBURÐIR

**1957** Heimavöllur FC Barcelona, Camp Nou, er opnaður.

**1963** Mjólkurvörur hækka á Íslandi um 25%.

**1968 Fyrsta skurðaðgerðin er framkvæmd á Borgarspítalanum. Friðrik Einarsson yfirlæknir gerir aðgerðina.**

**1973** Gínea-Bissá lýsir yfir sjálfstæði frá Portúgal.

**1993** Samtök iðnaðarins eru stofnuð í Reykjavík.

**2005** Fellibylurinn Rita kemur á land í Beaumont í Bandaríkjunum og skilur eftir sig slóð eyðileggingar.



# Það er alltaf eitthvað sem sækir á hugann

**Eldhuginn Þórður Tómasson í Skógum hefur gefið út sína 20. bók, Sýnisbók safnamannsins, með myndum og fróðleik af munum á Skógasafni. Frásagnargáfa Þórðar nýtur sín þar vel.**

Þótt Þórður í Skógum sé komin á tíræðisaldur er hann atorkusamur og andinn skýr. Um það vitnar ný bók hans, Sýnisbók safnamannsins, sem kom út síðasta föstudag hjá Sæmundi, bókaforlagi Bjarna Harðarsonar. Á annað hundrað manns mættu í útgáfuhófið í Eymundsson. „Þetta var mjög skemmtilegur dagur fyrir mig,“ segir Þórður sem gerði sér lítið fyrir í lok samkomunnar og fór með pápíska bæn sem hann lærði af Sigurbjörgu á Syðstu-Grund, fæddri 1851. Framsagnarmátinn minnti á rapp. Fólk getur hlustað á upptöku á Youtube ef það slær inn sem leitarorð: „Þórður rappar“.

Í Sýnisbók safnamannsins eru myndir og skemmtilegar frásagnir af gripum sem Þórður hefur bjargað frá glötun á safnasvæði sínu, sem einkum er bundið Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu. Þegar honum er hrósað fyrir bókina svarar hann að bragði: „Hún er vel hönnuð eins og fólk segir á nútímamáli.“

Verkefnin eru óþrjótandi hjá Þórði. „Það er alltaf eitthvað sem sækir á hugann. Ég á svo mikið efni sem ég er ekki búinn að vinna úr enn og tíminn er orðinn naumur – það er svo stutt í síðasta áfangann, ég veit það. Þegar maður er kominn yfir nírætt má maður þakka fyrir hvern góðan dag. En ég er frískur enn þá,“ segir Þórður, sem er níutíu og tveggja ára. Hann kveðst eiga handrit, næstum fullmótað, í aðra stóra bók; efnið er um mjólkurvinnslu, „hvernig á að koma mjólk í mat“. En er hann hættur að vinna í Skógasafni? „Nei, ég kem í safnið á hverjum degi og hef tekið þar á móti norskum hópum vikulega í sumar. Við endum alltaf á því að fara upp í kirkju og syngja einn fallegan sálm,“ lýsir hann.

Þórður var um fermingaraldur þegar hann hóf að safna fornminjum. „Það var ákveðin köllun sem ég stjórnaði ekki sjálfur,“ fullyrðir hann. „Ég áttaði mig á því að gamla þjóðfélagið var að breytast og ný menning að yfirtaka, að hin gömlu atvinnutæki voru orðin til engra nytja og ekkert lá annað fyrir þeim en að eyðast og hverfa. Það er grunnurinn á bak við þetta. Ég hef því haft langan tíma og mætt góðu fólki sem hefur haft skilning á þessu starfi. Því er ég ágætlega ánægður með dagsverkið.“ gun@frettabladid.is



**SAFNARINN OG SAGNAMEISTARINN** „Ég hef haft langan tíma og mætt góðu fólki sem hefur haft skilning á þessu starfi,“ segir Þórður. MYND/ÓLI HAUKUR VALTÝSSON

## Úr Sýnisbók safnamanns

Berjaneskot var enginn venjulegur bær í barnsaugum mínum. „Til góðs vinar liggja gagnvegir“ segir forn orðskviður og oft lá leiðin að Berjaneskoti…

…Og þarna var það sem ég kynntist Möggu frænku og trafalárnum. Margrét var dóttir Andrésar og Katrínar, fædd 1898 og því komin um þrítugt er ég fer að muna til allra atburða. Á unga aldri hafði hún misst sjón og bjó við það böl ævilangt. Tvennt var það sem mér var minnsstæðast um Möggu frænku, annað var það að hún gekk um hús og húsmuni eins og sjáandi væri og hélt öllu í röð og reglu, hitt að hún átti bros og gleði engu síður en við hin sem gengum um í glaðaljósi. Komur hennar og Guðrúnar frænku minnar á Leirum voru vel þegnar á æskuárum mínum, gilti einu hvort gestirnir þeystu í hlað á góðhestum eða komu gangandi austan um ísilagðan Holtsós. Í för þeirra var lífsgleðin alltaf söm og jöfn.

Kaflabrot af blaðsíðum 97 og 98



**AF BLAÐSÍÐU 99** Berjaneskotslár Margrétar Andrésdóttur. MYND/ÓLI HAUKUR VALTÝSSON

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR HELGI PÉTURSSON**
**Unnarstíg 1, Hafnarfirði,**

verður jarðsunginn frá Garðakirkju föstudaginn 27. september kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á láta HL-stöðina Hátúni njóta þess.

**Sigríður Sch. Guðbjörnsdóttir**
**Albert Snær Guðmundsson**
**Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir** **Magnús Kristjánsson**
**Sara Petra Guðmundsdóttir** **Andri Hrafn Agnarsson**
**Tjörvi Guðmundsson**
**Sóldís Birta, Aron Liljar og Adrían Snær**

---

✝



Bróðir okkar,

**BRYNJAR BALDVINSSON**
**frá Sælandi á Árskógssandi,**

andaðist hinn 19. september á Dalbæ á Dalvík. Útförin verður auglýst síðar.

**Systkini hins látna**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNHILDUR HARALDSDÓTTIR**
**Sólvangi, Hafnarfirði,**

lést á heimili sínu þann 19. september síðastliðinn. Útför hennar verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 26. september klukkan 13.00.

**Margrét Rikharðsdóttir** **Sveinn Hafdal**
**Sigurrós Rikharðsdóttir** **Óskar Tryggvason**
**Ríkharður Owen** **Alda Björnsdóttir**
**Haraldur Rikharðsson**
**Höskuldur B. Kjartansson**
**Haukur B. Kjartansson** **Nadine Bruns**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuð móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ERLA SIGURÐARDÓTTIR**
**ljósmóðir,**
**Sóltúni 7, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 19. september sl. Útförin verður auglýst síðar.

**Inga Dóra Sigfúsdóttir** **Símon Sigvaldason**
**Jón Sigfússon** **Unnur Jónsdóttir**
**Hildur, Hulda, Erla María, Erla, Sonja, Alanta og Sigrún María.**

---

✝



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**ANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**Mávahlíð 33,**

verður jarðsungin frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu miðvikudaginn 25. september klukkan 13.00.

**Guðborg E. Björgvinsdóttir**
**Örnólfur F. Björgvinsson** **Sigurrós K. Indriðadóttir**
**Guðrún H. Björgvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Maðurinn minn og faðir okkar,

**ÖRNÓLFUR GRÉTAR ÞORLEIFSSON**
**fv. bankaútibússtjóri,**
**Stillholti 14, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness 20. september. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 27. september klukkan 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Brynja Einarsdóttir, börn og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**REYNAR HANNESSON**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fimmtudaginn 19. september, verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 26. september klukkan 15.00.

**Gunnar Hannes Reynarsson** **Fjóla G. Ingþórsdóttir**
**Sigrún Reynarsdóttir** **Gísli Ellerup**
**Bjarni Reynarsson** **Jóhanna Einarsdóttir**
**Elís Reynarsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**NANNA NAGTGLAS SNORRASON**
**áður Smáraflöt í Garðabæ,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 11. september, verður jarðsungin frá Garðakirkju fimmtudaginn 26. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Sunnuhlíðar.

**Jón Karl Snorrason** **Þórey Jónsdóttir**
**Snorri Snorrason** **Guðrún Magnea Rannversdóttir**
**Helga Guðrún Snorradóttir** **Gísli Tryggvason**
**Haukur Snorrason** **Hadda Björk Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg konan mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**Seljahlíð,**

lést þriðjudaginn 10. september. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum innilega auðsýnda samúð.

**Bjarni Júlíusson**
**Þórir Kristmundsson** **Guðrún Guðmundsdóttir**
**Jón Helgi Kristmundsson**
**Guðjón Knútsson** **Guðrún Hreinsdóttir**
**Ósk Knútsdóttir** **Ólafur A. Árnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**VILJA EKKI LÖGLEIÐA**

**78 prósent svarenda í nýlegri könnun eru andvíg því að neysla kannabis verði gerð lögleg á Íslandi. Árið 2003 voru 87 prósent svarenda því andvíg. www.landlaeknir.is**





**FLOTTUR!**



Stækkar þig
um númer,

fæst í 70-85B og 75-85C
á kr. 5.800,-
buxur við á kr. 1.995,-

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
lokað á laugardögum í sumar

Vertu vinur




# ROSEBERRY VIRKAR INNAN 24 TÍMA

**GENGUR VEL EHF. KYNNIR** *Öflug og fljótvirk lausn gegn blöðrubólgu.*

Roseberry er náttúrulegt þrívirkt efni gegn blöðrubólgu sem hefur verið fáanlegt hérlendis sl. tvö ár. Það hefur reynst þeim sem þjást af blöðrubólgu mjög vel og almenn ánægja hefur ríkt hjá þeim sem prófað hafa töflurnar.

Blöðrubólga er mjög algengur kvilli og fá konur hana mun oftar en karlar. Sennilega má rekja hærri tíðni meðal kvenna til þess að þær hafa mun styttri þvagrás en karlar. Roseberry hentar bæði konum og körlum. Ráðlegt er fyrir þá sem eru með mikil einkenni að taka inn þrjár töflur á dag í þrjátíu daga en þeir sem vilja fyrirbyggja þennan kvilla taka inn eina til tvær töflur. Gott er að taka töflurnar áður en farið er að sofa.

**ÞRÍVIRK ÖFLUG BLANDA TRYGGIR ÁRANGUR**

Roseberry inniheldur þykkni úr trönuberjum með háu hlutfalli af PAC sem er virkasta efnið í þykkninu, læknakólfi (hibiscus) og C-vítamíni sem gefur þríhliða virkni og skjóta lausn gegn óþægindum vegna blöðrubólgu.

**FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR**

Þeir sem hættast er við blöðrubólgu eru kyrrsetufólk, fatlaðir, yngri konur og konur á breytingaraldri. Lykilatriði til þess að forðast þennan sársaukafulla og leiða kvilla er meðal annars að hreyfa sig, drekka ríkulega af vatni, þrífa vel kynfærasvæði eftir klósettferðir og kynlíf og að vera í hreinum nærfatnaði.

**SKJÓTUR ÁRANGUR Í KÖNNUN**

Framleiðandinn Mezina í Danmörku prófaði Roseberry á hóp fólks sem bundinn var við hjólastól og þjáðist af blöðrubólgu og varð árangurinn skjótur hjá níu af hverjum tíu þátttakendum í könnuninni.

Roseberry er unnið úr náttúrulegum efnum og ættu allir sem þjást af þessum kvilla að prófa það.

Roseberry er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar eru á www.gengurvel.is.




**ROSEBERRY VIÐ BLÖÐRUBÓLGU**

Roseberry er náttúrulegt þrívirkt efni gegn blöðrubólgu. Það hefur reynst þeim sem þjást af blöðrubólgu mjög vel. Roseberry er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar eru á www.gengurvel.is.




Stuðningsstöngin

**LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ**

Yfir 8000 ánægðir notendur á Íslandi



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir iðjuþjálfarar, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstönginni fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, 0–45° timbur/gifsloft.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Stillanleg frá 225–307 cm lofthæð, togátak allt að 205 kg.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum.


















**VIÐ RÉTTARHOLTSSKÓLA** Maríanna og Bjarney fyrir utan íþróttahúsið í Réttarholtsskóla en þar fer námskeiðið fram. MYND/GVA

# FJÖLSKYLDAN ÆFIR SAMAN

**HEILSA** *Íþróttakennararnir Bjarney og Maríanna standa á bak við Íþróttaskóla fjölskyldunnar. Þar stunda börn og fullorðnir hreyfingu saman.*

Þessi hugmynd kviknaði fyrir tveimur árum þegar vinkona mín, sem var með dóttur sína í íþróttaskóla, minntist á að gaman væri ef foreldrar gætu tekið þátt. Henni fannst hálfleiðinlegt að þurfa að sitja bara og horfa á," segir Bjarney Gunnarsdóttir, sem ásamt Maríönnu Þórðardóttur stendur fyrir námskeiði undir nafninu Íþróttaskóli fjölskyldunnar. „Það var síðan í vor sem við ákváðum að koma þessu í gang og við Maríanna höfum verið að útfæra þetta saman," segir Bjarney en námskeiðið hefst næsta laugardag.

Bjarney og Maríanna eru báðar íþróttakennarar og hafa mikla reynslu af íþrótta- og tómstundastarfi með börnum, unglingum og fullorðnum. „Ég hef stundum séð um hópefli á fjölskyldumótum og það er afskaplega skemmtilegt þegar allir koma saman, foreldrar, börn, ömmur og afar, og hamast saman," segir Bjarney og hefur því fulla trú á að námskeiðið geti orðið mjög skemmtilegt, bæði fyrir börnin og þá fullorðnu. „Markmiðið er að allir fái eitthvað út úr þessu, bæði hreyfingu og skemmtun," upplýsir hún en meðal þess sem boðið verður upp á í íþróttaskólanum eru fjölbreyttar æfingar, hópefli, þrautabrautir, leikir, skotboltaleikir og ratleikir.

Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 6 til 12 ára og foreldrum eða forráðamönnum þeirra og verður haldið í íþróttahúsi Réttarholtsskóla næstu átta laugardaga frá klukkan 12 til 13. Námskeiðið kostar 8.000 krónur fyrir hverja fjölskyldu en Forvarnasjóður Reykjavíkur styrkir verkefnið, auk þess sem knattspyrnufélagið Víkingur útvegar húsnæðið.

Þeir sem vilja skrá sig eða fræðast nánar um Íþróttaskóla fjölskyldunnar er bent á Facebook eða póstfangið ithrottaskolifjolskyldunnar@gmail.com. ■ **solveig@365.is**

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447

LEIÐSÖGUNÁM
VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU
Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.
-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu
**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.
Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.
**Umsögn:**
Leiðsögunámið í Ferðamálaskóla Íslands bætti miklu við þekkingu mína á landinu sem og sögu og menningu þjóðarinnar. Þessir þættir voru ofnir saman á einkar áhugaverðan og skemmtilegan hátt og kryddað margs konar fróðleik og frásögnum. Auk þess spannaði námið allt frá leiðsögutækni til laxveiðáa, frá skyndihjálp til skógræktar og frá hvalafræðum til hverasvæða svo nokkuð sé nefnt. Skipulag námsins var sveiganlegt en með ákveðnu aðhaldi stjórnenda sem skapaði gott andrúmsloft í þessum alþjóðlega hópi nemanda. Þessum tíma var mjög vel varið hvort sem maður hyggur á ferðaleiðsögn eða ekki.

MAGNÚS JÓNSSON
FV. VEÐURSTOFUSTJÓRI
Ferðamálaskóli Íslands
**Opið 8-22**
**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 24. SEPTEMBER 2013




# BÍLL ÁRSINS ER SKODA OCTAVIA

## Afgerandi sigurvegarar í öllum þremur flokkum bíla en litlu munar á öðru og þriðja sæti.

Val á bíl ársins á Íslandi var kunngert í síðustu viku. Sigurvegarinn þetta árið er Skoda Octavia sem kom af nýrri kynslóð fyrr á árinu. Skoda Octavia var sigurvegarinn í flokki stærri fólksbíla en fékk einnig hæstu einkunn þeirra níu bíla sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Í þessum flokki bíla vann Octavia sigur á Tesla Model S og Lexus IS 300h, en Teslan náði þar öðru sæti og var einnig sá bíll sem fékk næstflest stig í heildina. Skoda Octavia hefur verið feikivinsæll bíll á Íslandi á síðastliðnum árum og er söluhæsta einstaka bílgerðin sem stendur þetta árið. Hann var næstmest seldi bíllinn í fyrra, rétt á eftir Toyota Yaris, en Octavia var söluhæst árið 2011.

### Volkswagen Golf bestur smærri fólksbíla

Í flokki minni fólksbíla bar Volkswagen Golf sigur úr býtum. Hann varð einnig þriðji hæsti bíllinn í heildina. Volkswagen Golf var bæði kosinn bíll ársins í Evrópu og í heiminum öllum á þessu ári. Í öðru sæti í þessum flokki var Renault Clio og rafmagnsbíllinn Nissan Leaf í því þriðja. Verðlaunaafhendingin fór fram á veitingastaðnum Nauthól í Nauthólsvík að viðstöddum fulltrúum bílaumboðanna og fleiri gestum. Að valinu stóð sem fyrr Bandalag íslenskra bílablaðamanna en nú með stuðningi Bílgreinasambandsins. Aðalverðlaunin, Stálstýrið eftirsótta, voru þar afhent fulltrúum Heklu, sem selur Skoda-bíla. Alls tóku átta blaðamenn þátt í lokavalinu og gáfu bílunum einkunn hvað tólf þætti þeirra varðaði. Frumherji hefur mörg undanfarin ár stutt við þetta árlega val á bíl ársins og var svo einnig nú og voru allir bílarnir prófaðir þar og mældir á lokadegi valsins.

### Honda CR-V bestur í flokki jeppa og jepplinga

Í flokki jeppa og jepplinga þótti Honda CR-V bestur, en á eftir honum komu Toyota RAV4 og Ford Kuga. Í þessum flokki fékk Honda CR-V 682 stig, Toyota RAV4 563 stig og Ford Kuga kom rétt á eftir með 555 stig. Í flokki minni fólksbíla fékk Volkswagen Golf 701 stig, Renault Clio 649 stig og Nissan Leaf rétt á eftir með 642 stig. Í þessum tveimur flokkum voru því tveir afgerandi sigurvegarar, en mjótt á munum í öðru og þriðja sæti. Í flokki stærri fólksbíla fékk Skoda 742 stig. Tesla Model S fékk 706 stig og rétt á eftir kom svo Lexus IS300h með 699 stig, enn einn flokkurinn með afgerandi sigurvegara. Tveir efstu bílarnir í heild komu úr þessum flokki, Skoda Octavia umtalsvert efstur en Tesla Model S fékk næsthæstu einkunnina. Þriðji í heildina var Volkswagen Golf, en aðeins tveimur stigum á eftir honum kom svo Lexus IS300h og varð hann því fjórði í heildina.




Flottasti Ford F150 Raptor 4x4 landsins til sölu.



Fullbúinn pallbíl sem kemur m.a. 35“ breyttur frá framleiðanda. Vélin er 6,2 lítra og 410 hestöfl, það skortir því aldrei afl.

Verð kr. 12.200.000.
Ath. skipti á ódýrari.

Bíllinn er hlaðinn aukabúnaði s.s. sóllúgu, Sony hljómtækjum, Navigation, Luxury pakka, leðuráklæði, tröppu á palli, dráttarbeisli með aftengjanlegri kúlu, driflæsingu að aftan, myndavélum að framan og aftan, brettaköntum, plastloki á palli og margt fleira.
Nánari upplýsingar hjá söludeild notaðra hjá Brimborg, Bíldshöfða 6, sími 515 7030

brimborg
Öruggur staður til að vera á

| TESLA MODEL S | | | |
|---|---|---|---|
| | **RAFMÓTORAR,416HESTÖFL** Afturhjóladrif | **Hröðun** 4,2 sek. | ● Innstig |
| | **Eyðsla** Eingöngu rafmagn | **Hámarkshraði** 210 km/klst. | ● Höfuðrými |
| | **Mengun** 0 g/km CO2 | **Verð** 11.800.000 kr. | |
| | | **Umboð** Even | |



# TESLA ER ENGUM LÍKUR

## Tesla Model S er fulltrúi algerlega nýrrar hugsunar við smíði bíls, hreint ótrúlegt aksturstæki og ódýrari en bílar með sambærilega getu.

**TESLA MODEL S**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Enginn bíll sem framleiddur er í heiminum er umtalaðri en Tesla Model S. Nú er fyrsti bíll þeirrar tegundar kominn til landsins og á annan tug til viðbótar á leiðinni. Er það fagnaðarefni þar sem ekki er svo auðvelt að fá þá afgreidda, slík er eftirspurnin. Tesla er frá Kaliforníu í Bandaríkjunum og hugarfóstur uppfinningamannsins ótrúlega Elons Musk.

Svo vel hefur honum tekist upp með þróun þessa bíls að almennt halda þeir sem prófað hafa ekki vatni yfir bílnum. Það skal viðurkennast strax að greinarhöfundur er einn þeirra. Stór orð eins og höfð eru eftir bílablaðamönnum Consumer-Reports; „Besti bíll sem við höfum nokkurn tíma prófað“ eða hjá USA Today; „Lúxusbíllinn Tesla Model S er stórkostlegur“, hljóma allt í einu bara eðlilega.

### Hefur flesta kosti sem óska má sér

Tesla er engum bíl líkur. Hann er í senn umhverfisvænn bíll sem aðeins gengur fyrir rafmagni, hefur drægi á við margan bensínbílinn, er ótrúlegur sportbíll sem fer í hundraðið á 4,2 sekúndum, hefur frábæra akstursegiginleika, er gullfallegur og tekur sjö farþega, svo fremi sem tveir þeirra eru undir tíu ára aldri. Hvers er hægt að óska sér fleira? Jú, helst lágs verðs. Það má þó segja um þennan bíl að hann er ekki dýr í samanburði við bíla sem uppfylla megnið af þessum kostum, en enginn uppfyllir þó þá alla.

Tesla Model S má nefnilega fá fyrir 11,8 milljónir króna, en þá er hann reyndar ekki með eins mikið drægi og sá bíll sem prófaður var, en hann kemst 480 km á fullri hleðslu. Bíll þeirrar gerðar kostar 13,8 milljónir króna og er það afar samkeppnishæft verð, þar sem stærri lúxusbílar með mikið afl kosta hæglega yfir tuttugu milljónir króna. Samt er rétt að hafa í huga að það er ekki á allra færi að smella svona upphæð á borðið. Á móti kemur að rekstrarkostnaður við bílinn eftir það er fáránlega lítill þar sem rafmagn kostar ekki mikið hér á landi. Einnig má búast við því að viðgerðarkostnaður verði lítill þar sem í rafmagnsbílum er miklu einfaldara gangverk.

### Jafn flottur að innan sem utan

Það er mikil upplifun að fá svona bíl í hendurnar. Í fyrsta lagi er bíllinn svo fallegur og sportlegur að höfuð flestra þeirra sem á vegi ökumanns verða snúast svo hratt að bílnum að hættulegt getur talist. Þegar inn í hann er komið tekur það sama við, en hann er samt ekki hlaðinn sýnilegum stjórntækjum eins og í orrustuþotum. Þar er ekki takkaflóðinu fyrir að fara þar sem flestu því sem stjórna má í bílnum, sem er ansi margt, er stjórnað á gríðarstórum 17 tommu skjá fyrir miðju mælaborðsins. Þessi stærsti skjár sem sést hefur í bíl er eitt af því sem einkennir bílinn hvað mest, er snertiskjár og svo vel upp settur að ökumaður er fljótur að læra svo til allt sem hann býður upp á. Hreint ótrúleg tækni þar og vel upp sett.

Innréttingin er að öðru leyti frekar einföld, en stílhrein og falleg. Sætin eru mjög góð, einnig aftursætin. Setið er neðarlega í bílnum sem eðlilegt er fyrir svo sportlegan bíl. Einn af fáum ókostum bílsins er þó fólginn í því að innstig í aftursætin er ekkert sérlega þægilegt. Myndarleg brík aftan hurðaropsins er hindrun og þegar inn er sest er eins gott að fimmti farþeginn sé ekki á milli hinna tveggja í aftursætinu, því lágt þakið við hliðar bílsins er til trafala fyrir höfuð farþeganna. Ef hins vegar enginn er á milli má hnika sér nær miðjunni og þá er höfuð farþega undir flottu glerþaki bílsins og nægt höfuðrými. Ótrúlegt er að kíkja undir bílinn, sem gert var á lyftu uppi í Frumherja við prófanir á þeim bílum sem komust í úrslit í vali á bíl ársins. Hann er algerlega rennisléttur að neðan, sem er eitt af því sem hjálpar til við ótrúlega lágan vindmótstuðul bílsins upp á 0,24. Geri aðrir betur!




PÓLÝHÚÐUM FELGUR
LÁNUM DEKK OG FELGUR Á MEÐAN

DEKKJASALAN

Dalshrauni 16 | 220 Hafnafjörður | Sími: 587 3757 - 777 3757




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

BÍLAR
www.visir.is/bilar

Umsjón blaðsins
Finnur Thorlacius
finnurth@365.is

Útgáfufélag
365 miðlar ehf.
Skaftahlíð 24,
105 Reykjavík,
sími 512 5000

Auglýsingar
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbirgir@365.is
Sími 5125432

Hönnun
Silja Ástþórsdóttir
siljaa@frettabladid.is

aftur í

- Fegurð
- Akstursgeta
- Rekstrarkostnaður


FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mögnuð upplifun við akstur

Að taka af stað í þessum bíl er mikil upplifun. Í fyrsta lagi alveg hljóðlaust, aflpedallinn er svo næmur að nákvæmlega ekkert hik er við inngjöf. Aldrei hefur greinarhöfundur fundið eins næma beintengingu við inngjöfina og virkni út í hjólin. Svo er það upplifunin við að þrýsta fast á hægri pedalinn, enda 416 hestöfl tiltæk. Það er engu líkt. Bíllinn er svo öflugur að rétt er að vara þá við sem prófa. Þá er reyndar gott að vita af góðri skrikvörninni sem grípur strax inn í ef gassalega er lagt af stað og bíllinn ekki í beinni línu við veginn.

Bíllinn er svo öflugur að ef spólvörn og skrikvörn eru aftengdar spólar bíllinn fyrstu hundrað metrana og rýkur áfram í gúmmískýi. Hann er þó fljótari í förum með varnirnar á og aflinu úthlutað eftir gripi. Bíllinn er afturhjóladrifinn og er á mjög breiðum dekkjum sem hafa mikið grip. Geta bílsins við frísklegan akstur er framúrskarandi og ekki finnst honum leiðinlegt að taka beygjurnar hratt.

## Lágur þyngdarpunktur

Reynsluakstursbíllinn var með hækkanlega loftpúðafjöðrun og má mæla með því að taka bílinn einmitt þannig fyrir íslenskar aðstæður til að glíma við snjóinn og jafnvel stærstu hraðahindranir. Ekki það að í venjulegri stöðu sé bíllinn lágur. Það þarf örugglega talsvert mikla ófjöfnu til að reka hann niður, sem gerðist aldrei í reynsluakstrinum. Til að átta sig á aksturseiginleikum þessa bíls er rétt að skoða nokkrar tölur. Bíllinn er með þyngdarpunktinn aðeins 46 cm frá vegi og er leit að lægri þyngdarpunkti bíls. Þyngdardreifing milli öxla er 47/53%. Þetta, ásamt breidd dekkjanna og frábærri fjöðrun, gerir hann að einum ánægjulegasta akstursbíl sem greinarhöfundur hefur prófað. Bremsur bílsins eru mjög góðar og stöðva hann frá 112 km hraða á 48 metrum. Það verður að teljast ágætt fyrir 2.170 kg bíl. Þeir sem hafa efni á að kaupa Tesla Model S ættu að sækjast eftir reynsluakstri og upplifa nokkuð sem þeir hafa aldrei reynt áður.

**Bíllinn er afar fallegur bæði að utan og innan. Flestu því sem stjórna má í bílnum er stjórnað á gríðarstórum 17 tommu snertiskjá fyrir miðju mælaborðsins. Innréttingin er að öðru leyti frekar einföld, en stílhrein og falleg.**





**Tesla er í senn umhverfisvænn bíll sem aðeins gengur fyrir rafmagni, hefur drægi á við margan bensínbílinn, er ótrúlegur sportbíll sem fer í hundraðið á 4,2 sekúndum, hefur frábæra aksturseiginleika, er gullfallegur og tekur sjö farþega. Tesla Model S má fá fyrir 11,8 milljónir króna, en þá er hann reyndar ekki með eins mikið drægi og sá bíll sem prófaður var, en hann kemst 480 km á fullri hleðslu. Bíll þeirrar gerðar kostar 13,8 milljónir króna.**





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





Bíleigendur í Bandaríkjunum þurfa að borga mismikið fyrir rekstur á bílum.

# Misdýrt að eiga bíla í Bandaríkjunum

Bílalandið Bandaríkin er greinilega ekki eintóm hamingja fyrir bíleigendur. Það skiptir augljóslega talsverðu máli hvar þú býrð. Til að mynda er nær helmingi dýrara að eiga bíl í Georgíu en Oregon. Það kostar hvern bíleiganda í Georgíu nær helmingi meira að reka bíl sinn en þá sem aka um götur Oregon. Bíleigandi í Georgíu þarf að punga út að meðaltali 4.233 Bandaríkjadölum á ári í kostnað við rekstur bíls síns og er þá átt við skatta, viðgerðir, tryggingar, bensín, vegtolla og önnur gjöld. Afskriftir af bílum er ekki meðtaldar.

## Kostnaður við bílaeign í Bandaríkjunum

| | |
|---|---|
| Georgía | 4.233 |
| Kalifornía | 3.966 |
| Wyoming | 3.938 |
| RhodeIsland | 3.913 |
| Nevada | 3.886 |
| Indiana | 2.698 |
| Montana | 2.660 |
| S-Dakota | 2.343 |
| Alaska | 2.227 |
| Oregon | 2.204 |

Bandaríkjadalir á ári.



Jepplingurinn Porsche Macan.

# Porsche ætlar Macan stóran hlut í Kína

Næsta afurð sportbílaframleiðandans Porsche, jepplingurinn Macan sem kemur á markað á næsta ári, á að rífa upp söluna á Porsche-bílum á stærsta bílamarkaði heims, í Kína. Porsche-bílar eru óhemju dýrir í Kína og kostar til dæmis Porsche Cayenne 18 milljónir króna þar. Ástæða þess er að hann er ekki framleiddur þar í landi heldur í Þýskalandi, en gríðarháir tollar eru á innfluttum bílum í Kína. Porsche framleiðir reyndar alla sína bíla í Þýskalandi, öndvert við marga aðra lúxusbílaframleiðendur og gæti Porsche því örugglega selt fleiri bíla á fjarlægum mörkuðum ef verksmiðjurnar væru víðar. Mikil eftirspurn er enn eftir dýrum og flottum bílum í Kína og nýríkir íbúar landsins eru langt frá því að vera saddir hvað varðar kaup á þeim.

# Tvær milljónir EcoBoost-véla frá Ford

Þótt ekki séu liðin nema fjögur ár frá því fyrsta EcoBoost-bensínvélin fór ofan í húddið á Ford-bíl hefur fyrirtækið nú þegar framleitt tvær milljónir slíkra. Ford framleiðir nú fimm gerðir EcoBoost-véla, allt frá 1,0 lítra til 3,5 lítra að sprengirými. Ford hefur sífellt þurft að auka framleiðsluna á EcoBoost-vélunum til að fullnægja eftirspurninni eftir þessum sparneytnu en öflugu vélum. Ford ætlar nú að tvöfalda framleiðsluna á 1,0 lítra vélinni en sú vél styðst við forþjöppu og er svo öflug að hún hefur ekki aðeins verið sett í minni bíla Ford heldur einnig bíla af miðstærð. Afköstin eru ekki bara aukin í þeim verksmiðjum sem nú þegar framleiða EcoBoost-vélar heldur hefur Ford sett upp fleiri verksmiðjur, t.d. eina nýlega í Kína. Í dag getur Ford framleitt 100.000 EcoBoost-vélar á mánuði, en það mun brátt aukast. Á sama tíma í fyrra var framleiðslan aðeins 65.000 vélar. Bráðlega stefnir í að fleiri bílar Ford seljist með EcoBoost-bensínvélum en dísilvélum. Kaupendur Ford Escape í Bandaríkjunum velja nú í 90% tilfella EcoBoost-vélar í sína bíla og 95% kaupenda af Ford Kuga í Asíu gera það líka. Í Evrópu velja þó aðeins 39% kaupenda Ford Focus með EcoBoost-vél.








ER ALLT KLÁRT Í HAUSTVEIÐINA?
Verslaðu í einu sérhæfðu fluguveiðiverslun landsins
GUIDELINE
Alta vöðlur
LOOP
Flugustangir
HAUSTÚTSALA
20-70 %
AFSLÁTTUR*
Fluguhjól
Einfaldlega yfirburða hjól frá snillingum Loop og Guideline.
Flugubarinn
Önnur eins gæði er erfitt að finna...
GUIDELINE
LOOP
- stóru merkin í Skandinavíu
LOOP
Nú færð þú Loop veiðivörur í Veiðiflugum, einu sérhæfðu fluguveiðiversluninni á Íslandi
VAXTALAUSAR RAÐGREIÐSLUR
Í 12 MÁN
Veiðiflugur
Langholtsvegi 111 | Sími: 527 1060
* á öllum vörum nema Einarsson veiðihjólum

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfsmenn á hjólbarða-verkstæði**

Vegna aukinna umsvifa leitum við að starfsfólki á hjólbarðaverkstæðin okkar

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Gest í síma **825 2235**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum
Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000
Heimasíða: benni.is

Culiacan leitar að hressum og duglegum starfskrafti í afgreiðslu og sal. Vaktavinna. Uppl. í s. 533 1033 Þórir og culiacan@culiacan.is

Culiacan is looking for pepole to work in the resturant, weekdays 11:30-20:00 Tel. 533 1033 Þórir & culiacan@culiacan.is

Símaspjall? Heitar upptökur? Djarfar myndir? Góðar aukatekjur í boði fyrir flottar íslenskar konur, 20-40 ára. SexyIceland.com

Gluggagerðin óskar eftir vönum smið í úti og innivinnu. Aðeins íslenskumælandi réttindamaður kemur til greina. Uppl. í s. 566 6630 og gluggagerdin@gluggagerdin.is

Óskum eftir samviskusömum og duglegum einstaklingi á hjólbarða og smurþjónustu Bílkó. Nánari uppl. gefur Guðni í s. 618 0560.

TOKYO sushi

**TOKYO SUSHI**

er vinsæll veitingastaður í Glæsibæ sem býður ferska og fljótlega hollustu. Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum starfsmönnum

1. Aðstoðarfólk til að vinna í eldhúsinu okkar í hluta starfi og fullu starfi.

2. Afgreiðslufólk í sal.

**Sendu okkur umsókn á tokyo@tokyo.is með ferilskrá og mynd. Upplýsingar um staðinn er á www.tokyo.is.**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Tilbreyting? Nú eru margar nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra með körlum á Rauða Torginu Stefnumót. Símar 905-2000 og 535-9920.

## Námskeið

**Ert þú með viðskiptahugmynd?**

**Stofnun og rekstur fyrirtækja**

Námskeiðið hefst laugardaginn **26. október**

Upplýsingar og skráning á **www.nmi.is**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

## Uppboð

Sýslumaðurinn á Hólmavík
Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík, S: 455-3500

**UPPBOÐ**
Einnig birt á www.naudungarsolur.is.

Framhald uppboðs á eftirfarandi eign verður háð á henni sjálfri sem hér segir

Grundargata 5, fastanr. 212-8432, Drangsnesi, Kaldrananeshreppi, þingl. eig. Ingimar Elíasson, gerðarbeiðandi Sjóvá-Almennar tryggingar hf., föstudaginn 27. september 2013 kl. 14:30.

*Sýslumaðurinn á Hólmavík,*
*23. september 2013.*
*Lára Huld Guðjónsdóttir.*









Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 2 | 6 | | | | | 4 | |
| | | 1 | | | 6 | | 9 | |
| | 3 | 4 | 5 | 8 | 1 | | | |
| 1 | | | 8 | 5 | | 6 | 2 | |
| | 4 | | | 6 | 2 | 7 | 3 | |
| 6 | 7 | | | 9 | | 1 | | |
| | 5 | 8 | 4 | | | | 1 | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | | | | | 3 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 2 | 4 | | 6 | | 3 |
| | 2 | 6 | | | | 7 | | |
| | 8 | | | 7 | | 4 | | |
| | 3 | 8 | | | | | 2 | |
| | 5 | | 6 | | | | 7 | 9 |
| | 9 | 4 | | 2 | | 5 | | |
| 3 | | 2 | | | 8 | | 4 | |
| | | | 3 | | 5 | | | |
| | | | | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | 2 | | | | 1 | |
| 1 | | 9 | | | 6 | | | 2 |
| 7 | 2 | | | 5 | | | | |
| | | | | 1 | | | | |
| | | 6 | | 3 | 4 | | | 1 |
| | | | | | 2 | 3 | | 9 |
| 3 | | | 1 | | 9 | 7 | | |
| | 6 | | | | | | | |
| | 7 | | 4 | | | 2 | 8 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 6 | 3 | 5 | 7 | 4 | 9 | 8 |
| 3 | 7 | 9 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 | 2 |
| 8 | 4 | 5 | 9 | 1 | 2 | 3 | 6 | 7 |
| 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 8 | 5 | 6 | 3 | 9 |
| 6 | 3 | 7 | 2 | 9 | 4 | 8 | 5 | 1 |
| 4 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 |
| 5 | 6 | 1 | 4 | 2 | 9 | 7 | 8 | 3 |
| 7 | 9 | 2 | 6 | 3 | 8 | 1 | 4 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 7 | 5 | 4 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 5 | 7 |
| 1 | 5 | 8 | 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 3 |
| 8 | 6 | 5 | 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 6 | 1 | 5 | 2 | 8 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 9 | 6 |
| 5 | 8 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 6 | 9 | 3 | 2 | 5 | 7 | 4 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 9 | 1 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 7 | 5 | 4 | 6 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 9 | 1 |
| 5 | 9 | 4 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 8 |
| 8 | 1 | 6 | 3 | 7 | 9 | 4 | 2 | 5 |
| 3 | 7 | 2 | 5 | 4 | 8 | 6 | 1 | 9 |
| 9 | 2 | 1 | 8 | 5 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 7 | 5 | 3 | 1 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 9 | 2 | 1 | 5 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




### SPAKMÆLI DAGSINS

Góð sending á lélegan leikmann er léleg sending.

*Jean-Paul Sartre*

### SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Við höldum áfram með skák Sverris Arnar Björnssonar og Stefáns Bergssonar. Sverrir átti hér leik–lék 39. Kd2 og tapaði skömmu síðar. En Sverrir átti vörn.**

**Svartur á leik**



39. Bh5! (39. Dc8 Kh7 40. Bh5 leiðir til sömu niðurstöðu). Hvítur hótar nú 39. Dc8+ og 40. Bg6+ sem leiðir til máts. Svartur á nú enga betri vörn en að þráskáka 40...Hd1+ og 41... He1+. Stefán Kristjánsson, Jón Viktor Gunnarsson og Einar Hjalti Jensson eru efstir með fullt hús.

**www.skak.is.** Gagnaveitumótið–Haustmót TR í fullum gangi.

### KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT 2.** sæti, **6.** frá, **8.** merki, **9.** í hálsi, **11.** ung, **12.** bragðbætir, **14.** vatt, **16.** gat, **17.** skjögur, **18.** blekking, **20.** frú, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT 1.** þökk, **3.** eftir hádegi, **4.** sandgrynning, **5.** móða, **7.** fjarsýnn, **10.** stofn, **13.** skyggni, **15.** sjá eftir, **16.** pota, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** sess, **6.** af, **8.** hak, **9.** kok, **11.** ný, **12.** krydd, **14.** sneri, **16.** op, **17.** rið, **18.** tál, **20.** fr, **21.** arma.

**LÓÐRÉTT: 1.** takk, **3.** eh, **4.** sandrif, **5.** ský, **7.** forspár, **10.** kyn, **13.** der, **15.** iðra, **16.** ota, **19.** lm.




# *Nýjar haustvörur*




**NÝTT - LIMRIC** Fallegur 3ja sæta sófi. L 214 cm **219.900,-** Hægindastóll **139.900,-** Skemill **59.900,-**




**NÝTT - FAYETTE** Einstaklega fallegt og endingargott áklæði, camel litað. 3ja sæta sófi. L 210 cm **199.900,-** Hægindastóll **99.900,-** *Einnig til grár.*




**NÝTT - BASE** Einstaklega fallegur 3ja sæta sófi túrkís. L 214 cm **179.900,-** Skemill **79.900,-** *Einnig til grár 189.900,-*




**NÝTT - LINNEA** hornsófi, opinn til vinstri eða hægri. L 287 cm, D 200 cm **349.900,-**




**NÝTT - GOBO** Endingargott grátt áklæði úr 56% pólýester, 26% akríl og 18% viscos. 3ja sæta sófi. L 242 cm **149.900,-** 2½ sæta sófi. L 216 cm **129.900,-**




**NÝTT - DIONE** hægindastóll með gráu áklæði og svörtum krómfótum **98.900,-**



**POLO** hægindastóll. Drapplitað Sony áklæði með brúnum hnöppum **109.900,-**

VEXTIR 0%*

KAUPTU NÚNA

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard.

ILVA
sendum um allt land

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - föstudaga 11-18:30, laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18



**KOMA TIL MÓTS VIÐ UMRÆÐUNA** Egill Örn segir umræðuna um sérstakan flokk barna- og unglingabóka hafa staðið lengi yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Barna- og unglingabækur fá eigin flokk

Stjórn Félags íslenskra bókaútgefenda hefur samþykkt að bæta við þriðja verðlaunaflokki Íslensku bókmenntaverðlaunanna, barna- og unglingabókum.

Það hefur verið í umræðunni í töluverðan tíma að það þurfi að gera barnabókum jafn hátt undir höfði og öðrum bókmenntagreinum og það má segja að við séum að koma til móts við þá umræðu,“ segir Egill Örn Jóhannsson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, spurður um ástæðu þess að ákveðið hefur verið að bæta flokknum barna- og unglingabækur við verðlaunaflokka Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Það verða því höfundar þriggja bóka sem hljóta munu Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir árið 2013. Verðlaunafé í flokki barnabóka verður það sama og í hinum flokkunum, ein milljón.

Barnabækur hafa reyndar alltaf verið gjaldgengar til tilnefninga og frá því til verðlaunanna var stofnað hafa þrjár slíkar verið tilnefndar: Sagan af bláa hnettinum, eftir Andra Snæ Magnason – tilnefnd í flokki fagurbókmennta árið 1999, Skrýtnastur er maður sjálfur, eftir Auði Jónsdóttur – tilnefnd í flokki fræðirita og bóka almenns eðlis árið 2002 og Öðruvísi fjölskylda, eftir Guðrúnu Helgadóttur – tilnefnd í flokki fagurbókmennta árið 2004. Aðeins ein barnabók hefur hins vegar hlotið verðlaunin í þau 23 ár sem þau hafa verið veitt, það var Sagan af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason.



**BLÁI HNÖTTURINN** Eina barnabókin sem hlotið hefur Íslensku bókmenntaverðlaunin er Sagan af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Egill segir mikla grósku í ritun barna- og unglingabóka og að það séu á milli 45 og sextíu verk sem gjaldgeng verði til tilnefninga í haust. Spurður hvort það sé ekki líka meiri nýgræðingur í barnabókaskrifunum en öðrum bókmenntagreinum dregur hann við sig svarið og bendir á að það sé algengt að fólk byrji að fóta sig á ritvellinum með því að skrifa barnabækur en snúi sér síðar að ritun bóka fyrir fullorðna. „Það er þó engan veginn einhlítt, sem betur fer,“ segir hann. „Margir af okkar góðu höfundum hafa einbeitt sér að því að skrifa fyrir börn og unglinga, sem er mikið fagnaðarefni.“

Eins og tíðkast við val á bókum til tilnefninga í hinum flokkunum tveimur – fagurbókmenntum og flokki fræðirita og bóka almenns eðlis – verður skipuð þriggja manna valnefnd og tilnefningar birtar þann 1. desember í öllum flokkum.

fridrikab@frettabladid.is

# Rómantík, glettni, fjör og leyndarmál

Ármann Helgason klarinettuleikari og Peter Maté píanóleikari leika klassík í Vatnsmýrinni.

Við verðum dálítið á rómantísku nótunum en það er líka mikið fjör og glettni í þessum verkum,“ segir Ármann Helgason, sem í kvöld heldur tónleika í Norræna húsinu ásamt Peter Maté. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmýrinni, tónleikaröð Félags íslenskra tónlistarmanna – klassískrar deildar FÍH í samvinnu við Norræna húsið.

Á efnisskránni eru þrjár sónötur eftir Brahms, Poulenc og Jón Þórarinsson, auk tveggja stemningsverka fyrir klarinett og píanó; Fantasíu eftir Carl Nielsen og Ristum eftir Jón Nordal.

„Sónötur þeirra Brahms og Poulenc eru báðar samdar skömmu fyrir andlát tónskáldanna,“ segir Ármann. „Það er stundum sagt í gríni að þegar tónskáld hafi samið sín stórkostlegustu verk deyi þau fljótlega, þeirra hlutverki sé lokið, en ég sel það ekki dýrar en ég keypti. Það er líka gaman að flytja sónötuna eftir Jón Þórarinsson, ekki síst þar sem hann lést í fyrra.“



**KLASSÍK Í VATNSMÝRINNI** Ármann og Peter hafa aldrei áður spilað heila dagskrá saman en Ármann segir samstarfið hafa verið skemmtilegt og gjöfult.

Yfirskrift tónleikanna er Þrjár sónötur og leyndarmál og Ármann segir leyndarmálin tengjast verkinu Ristur eftir Jón Nordal, enda hafi forfeður okkar rist sín leyndarmál í stein. „Svo leikum við líka Fantasíu eftir danska tónskáldið Carl Nielsen sem er feikiskemmtilegt verk. Þannig að ég vona að við náum að blása á lægðirnar og að okkur takist spila inn litríki haustsins.“

- fsb

# Skrímslið í Þjóðleikhúskjallaranum

Barnasýning ársins 2012, Skrímslið litla systir mín, verður á fjölum Þjóðleikhússkjallarans um helgar.

Barnaleiksýningin Skrímslið litla systir mín var frumsýnd í Norræna húsinu árið 2012 og hlaut þá Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins. Hún verður nú sýnd í Leikhúskjallaranum um helgar, auk þess sem Þjóðleikhúsið býður börnum í elstu deildum leikskóla að sjá hana með kennurum sínum í miðri viku.

Eftir sýninguna fá börnin tækifæri til að skapa úr pappírnum sem notaður var í sýningunni undir handleiðslu myndlistarmanna.

Nú er einnig hægt að fá söguna í fallega myndskreyttri bók ásamt geisladiski með tónlist Eivarar Pálsdóttur.



**SKRÍMSLIÐ** Helga Arnalds er höfundur verksins ásamt leikstjóranum Charlotte Bøving.



// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR

VERÐHRUN!

# RÝMINGAR SALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-18 ALLA DAGA**

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!

ALDREI MEIRA ÚRVAL!

SJÁÐU STÓRU PAKKA-TILBOÐIN!

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!



6 kíló á 6 vikum
**990,-**



Barnanuddbókin
**990,-**



Uppeldi fyrir umhverfið
**490,-**



Sá besti
**99,-**



Dagbók barnsins
**1.650,-**



Auður og gamla tréið
**990,-**



Myndlist í 30.000 ár
**2.990,-**



Blíðfinnur • 3 bækur á aðeins
**1.500,-**



Stelpupakki • 3 bækur á aðeins
**1.500,-**



Krimmapakki 4 bækur á aðeins
**1.500,-**



Dan Brown pakki • 4 bækur á aðeins
**1.500,-**



Ísl. krimmar • 4 bækur á aðeins
**1.500,-**

# BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

# Glæsileg Emmy-verðlaunaafhending

Emmy-verðlaunin voru veitt í 65. sinn á sunnudag. Leikarar komu saman og fögnuðu hverjir með öðrum.



**MEÐ VERÐLAUNAGRIPINN** Michael Douglas með verðlaunagripinn.

Emmy-verðlaunin fóru fram í 65. sinn á sunnudag. Sjónvarpsþáttaröðin Breaking Bad þótti vera besta dramatíska þáttaröðin þetta árið og Modern Family var kosin besta gamanþáttaröðin. Þá hlaut leikarinn Michael Douglas verðlaun fyrir leik sinn í sjónvarpsmyndinni Behind the Candelabra.

Jeff Daniels þótti bestur í dramahlutverki fyrir þættina The Newsroom og Jim Parsons þótti bestur í gamanhlutverki í þáttunum The Big Bang Theory. Leikkonan Claire Danes hlaut verðlaun sem besta leikkona í dramaþætti og Julia Louis-Dreyfus þótti best í gamanhlutverki í þáttunum Veep. Leikararnir klæddust sínu fínasta pússi við verðlaunahátíðina og voru föllitir kjólar vinsælir meðal leikkvennanna en karlarnir klæddust jakkafötum og báru þverslaufur.



**BLÓMLEGUR KJÓLL** Leikkonan og handritshöfundurinn Lena Dunham klæddist kjól frá Prada á verðlaunaafhendingunni. NORDICPHOTOS/GETTY



**FÖLBLEIKT** Leikkonan January Jones, úr þáttunum Mad Men, í kjól frá Givenchy.






**SKILIN** Michael Douglas vill bjarga hjónabandi sínu. NORDICPHOTOS/GETTY

## Vill bjarga hjónabandinu

**Leikarinn Michael Douglas vonast til að samband hans og eiginkonunnar Catherine Zeta Jones muni lagast á næstunni. Douglas tjáði sig um samband þeirra á Emmy-hátíðinni á sunnudagskvöld.**

**Þar var hann verðlaunaður fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsmyndinni Behind the Candelabra. „Catherine er frábær. Hún hefur það mjög gott. Ég talaði við hana í dag og fékk indæl skilaboð frá henni. Ég er mjög vongóður um að við munum leysa vandamálin," sagði Douglas. „Við erum bara í pásu, það eru nokkur vandamál sem við þurfum að leysa."**



**FASSBENDER** Leikarinn er í viðræðum um að leika í vestranum Slow West. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fassbender í nýjum vestra

Michael Fassbender er í viðræðum um að leika í vestranum Slow West. Leikstjóri verður John Maclean, fyrrverandi meðlimur skosku hljómsveitarinnar The Beta Band. Framleiðandi verður fyrirtækið See-Saw Films sem stóð á bak við myndina Shame, sem tryggði Fassbender tilnefningu til Óskarsverðlaunanna. Tvær aðrar myndir með hinum vinsæla Fassbender eru væntanlegar á næstu mánuðum, eða 12 Years a Slave sem Steve McQueen, leikstjóri Shame, leikstýrði, og The Counsellor. Brad Pitt leikur á móti Fassbender í báðum myndunum.



**VERÐLAUNAHAFI** Clare Danes hlaut verðlaun fyrir leik sinn í Homeland. Hún klæddist fallegum kjól frá Armani Privé.



**RÓMANTÍK** Kerry Washington klæddist rómantískum kjól frá Marchesa.



**FÉLAGAR** Eric Stonestreet og Jesse Tyler Ferguson leika hjón í þáttunum Modern Family. Þátturinn þótti besti gamanþátturinn 2013.



**ÚR KARAKTER** Tony Hale var valinn besti gamanleikari í aukahlutverki fyrir leik sinn í þáttunum Veep.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÞRIÐJUDAGUR 24. SEPTEMBER 2013**

### Málþing

**12.00** Fyrirlestur fer fram í stofu L102 Sólborg v/Norðurslóð í Háskólanum á Akureyri. Rætt verður um sérstöðu Íslands á sviði upplýsinga- og tjáningarfrelsis.

### Tónlist

**21.00** Bassaleikarinn CJ Boyd kemur fram á Harlem í kvöld. Tónlistarmaðurinn Þórir Georg og hljómsveitin The Heavy Experience munu einnig koma fram á tónleikunum. Miðaverð er 1.000 krónur og miðasala fer fram við hurð.



**VONBRIGÐI** Aðdáendur One Direction í Adelaide fengu ekki að líta sveitina augum. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vonsviknir aðdáendur

Meðlimir drengjasveitarinnar One Direction gátu ekki heilsað aðdáendum sem biðu þeirra fyrir utan flugvöllinn í Adelaide í Ástralíu vegna öryggisástæðna. Aðdáendur sveitarinnar, sem sumir höfðu beðið við völlinn í hálfan sólarhring, brustu í grát þegar ekkert bólaði á piltunum.

Um tvö hundruð stúlkur höfðu beðið við flugvöllinn í von um að berja átrúnaðargoð sín augum, en One Direction hefur tónleikaferðalag sitt um Ástralíu í Adelaide. Þeim varð þó ekki að ósk sinni og brustu margar þeirra í grát vegna þessa.



**HALLUR INGÓLFSSON** Nýjasta sólóplata Halls heitir Öræfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hallur gefur út ósungin lög

Hallur Ingólfsson hefur gefið út sólóplötuna Öræfi. Hún inniheldur níu ósungin lög eftir Hall. „Útsetningar laganna hugsaði ég sem eins konar lífshlaup. Laglína fer af stað og breytist allan tímann. Verður fyrir áföllum og upphefst til skiptis í samspili hljóðfæranna þar til lagið líður undir lok. Eins konar ör-æfi,“ segir Hallur um plötuna.

Sum laganna eiga rætur sínar að rekja til þeirrar tónlistar sem Hallur hefur samið fyrir leikhús og kvikmyndir undanfarin ár. Hann gaf síðast út sólóplötuna Disaster Songs árið 2009. Hann hefur einnig gefið út plötur með rokksveitunum XIII og Skepna.



# „Hver í helvítinu er þetta eiginlega?“

BAKÞANKAR
Ólafar Skaftadóttur



Ég er að nálgast tímamót í aldri á föstudaginn næsta og ég verð að viðurkenna að tilfinningin er óbærileg.

**OG** hvað hef ég afrekað? Afar fátt. „Hver í helvítinu er þetta eiginlega?“ spurði ég litlu frænku mína um daginn, sem beinlínis horfði á mig í forundran yfir því að ég þekkti ekki einhverja kúl poppstjörnu sem prýddi forsíðu Monitors. Ykkur að segja hef ég ekki þekkt eina einustu persónu á þessari forsíðu síðastliðna sex mánuði. Ræddi þetta um daginn við vin minn í síma, sem þurfti svo að skella á því það var kominn háttatími. Klukkan var tíu að kvöldi og hann var orðinn svo „óskaplega þreyttur“. Í næsta símtali bauð ég vinkonu minni í mat kvöldið eftir. Hún var búin að taka þorsk úr frysti svo hún afþakkaði, kurteislega. Ég er byrjuð að eiga mín bestu og innihaldsríkustu samtöl við fjölskyldu og vini fyrir vinnu, á milli sjö og níu á morgnana. Mér finnst orðið beinlínis ofbeldi þegar ég næ ekki klukkutíma í að lesa fréttir fyrir vinnu, og svo strax aftur eftir vinnu. Ekki að það dyljist þeim sem lesa þennan pistil en ég vinn á fjölmiðli.

**ÞESSI** fréttadýrkun er til marks um gríðarlega háan aldur, held ég. Ég man allavega hvað mér fannst mamma aðframkomin af elli þegar hún sussaði á mig yfir fréttatímum. Og þá vissi ég ekki hver Gylfi Arnbjörnsson var. Eða framkvæmdastjóri Forlagsins. Eða að Samtök meðlagsgreiðenda og starfsheitið landgræðslustjóri væru hreinlega til. Svo hef ég tekið þetta upp eftir mömmu nýlega. Að sussa á fólk yfir kvöldfréttatímanum. Ég er farin að blóta „vitleysingunum í umferðinni“ og spyrja „nú, já? Hverra manna er hann?“ um fólk sem ég þekki ekki. Ég hef skoðun á sjónvarpsdagskránni og finnst hryllilegt að fara á nýja veitingastaði sem servera drykkina sína í krukkum frekar en hefðbundnum glösum – hvað á það eiginlega að fyrirstilla?

**ÞAÐ** hefur oft verið sagt um mig að ég hafi fæðst miðaldra. Það hlýtur að þýða að um þessar mundir liggi ég fyrir dauðanum.

**TUTTUGU** og fimm ára á föstudaginn.

# Komin með nýjan

## Miley Cyrus er komin í samband með upptökustjóra.

Söngkonan Miley Cyrus er komin með nýjan kærasta upp á arminn. Sá heppni kallar sig Mike WiLL Made It og er upptökustjóri. Á undanförnum mánuðum hefur Cyrus birt myndir af sér og Mike á Twitter-síðu sinni en einnig náðust myndir af parinu í faðmlögum eftir tónlistarhátíðina iHeartRadio í Las Vegas á sunnudag. Hvorugt hefur þó staðfest sambandið við fjölmiðla.

Söngkonan var áður trúlofuð ástralska leikaranum Liam Hemsworth, en þau kynntust við tökur á kvikmyndinni The Last Song árið 2010.

Hemsworth virðist einnig vera kominn í nýtt samband því breski fjölmiðillinn Daily Mail birti myndir af honum að kyssa mexíkósku leikkonuna Eiza González fyrir helgi.




**KOMIN MEÐ NÝJAN** Miley Cyrus er sögð komin í nýtt samband. NORDICPHOTOS/GETTY


















# ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI



## ÖFLUG LEIKJATÖLVA

**Six-Core**

**AMD TÖLVA 4**

- CoolerMaster K350 leikjaturn
- AMD Piledriver FX-6300 SixCore 3,5GHz
- 8GB DUAL DDR31600MHz minni
- 1TB SATA3 7200rpm 64MB diskur
- Radeon HD7850 Overclocked skjákort
- Windows 8 64bita

Verð AÐEINS **139.950**

## TRAUST HEIMILISTÖLVA



**Intel TÖLVA 2**

CM Elite 241 mini turn með 2xUSB3 á framhlið og innbyggðum kortalesara. Intel Core i3 Haswell 4130 3.4GHz örgjörvi, 8GB Dual DDR3 1600MHz minni, 1TB SATA3 harðdiskur, Intel HD 4400 Graphics skjákort, DVD skrifari, Realtek High Definition 7.1 hljóðkort, 10/100/1000 netkort, Windows 8 64bita o.fl.

Verð AÐEINS **109.950**

## 120GB SOLID STATE



**Samsung SSD 840 EVO**

SATA 3 diskur SSD er ein besta uppfærslan sem hægt er að fá sér fyrir fartölvu eða borðtölvu. Ótrúlegur hraðamunur á harðdiskum og SSD. Mjög sparsamur á rafmagn.

Verð AÐEINS **19.750**

## MSI MÓÐURBORÐ



**MSI Z87-G45 Gaming**

Fullkomið móðurborð fyrir leikina frá MSI. Minnkaðu „laggið“ með Killer E2200 netkortinu sem lætur leikina í forgang yfir öðrum forritum. Sérhannað Sound Blaster hljóðkort fyrir leikina.

Verð AÐEINS **30.950**

## FRÁBÆRT SKJÁKORT



**MSI Geforce N660GTX**

Öflugt leikjaskjákort með TwinFrozr kælingu, 1033Mhz core klukka & 2GB GDDR5 minni, 2x DVI útgangur, HDMI & DP útgangur.

Verð AÐEINS **36.750**

## ÓDÝR VINNUSTÖÐ



**AMD TÖLVA 1**

CoolerMaster Elite 342 mini turn 2xUSB með á framhlið. AMD Richland A4-4000 DualCore 3,2 GHz örgjörvi. MSI A55MA-E33 móðurborð. 4GB DUAL DDR3 1333MHz, Corsair MINNI. 500GB SATA3 WD diskur. DVD skrifari. Realtek High Definition 7.1 hljóðkort. Radeon HD7540D 2GB skjákjarni. Windows 8 64bita.

Verð AÐEINS **69.950**

## VÖKVAKÆLING



**Corsair H55**

Lokuð vökvakæling sem passar á alla helstu örgjörva. Aldrei verið eins auðvelt að setja upp vökvakælingu. H55i kemur áfyllt með vökva. Einföld kælieining með 120mm lágværri viftu.

Verð AÐEINS **12.750**

## 600W AFLGJAFI



**CoolerMaster B600**

Ódýr en góður 600W aflgjafi.

Verð AÐEINS **11.950**

## INTEL i5 ÖRGJÖRVI



**Intel Core i5 4670K**

Nýr Intel Haswell örgjörvi. 4 kjarna, 3,8GHz Turbo, ólæstur og klár fyrir yfirklukkun. Kemur í retail pakningu með kæliviftu.

Verð AÐEINS **38.750**

## FRÁBÆR SKJÁR FYRIR LEIKINA




**AOC E2350SDA**

23" W-LED TN skjár með 1920x1080 FullHD upplausn og 5ms svartíma.

Verð AÐEINS **26.950**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 950 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði



**ELVAR FRIÐRIKSSON** Hefur spilað vel með Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Þrír sigrar á sex dögum

**KÖRFUBOLTI** Átta liða úrslit Lengjubikars karla í körfubolta fara fram í kvöld en undanúrslitin eru síðan á föstudaginn í Njarðvík og úrslitaleikurinn á sama stað á sunnudaginn kemur.

Liðin þurfa því þrjá sigra á sex dögum til þess að tryggja sér fyrsta titil körfuboltatímabilsins.

KR og Njarðvík hafa unnið alla sex leiki sína í keppninni til þessa. KR tekur á móti KFÍ í DHL-höllinni en Njarðvík tekur á móti Grindavík í Ljónagryfjunni í Njarðvík. Keflavík mætir síðan Þór Þorlákshöfn og Stjarnan tekur á móti Snæfelli.

Allir leikir hefjast klukkan 19.15 nema leikurinn í Vesturbænum hefst klukkan 20.00.

Úrslitaleikurinn í Lengjubikar kvenna verður á sunnudaginn en þar mætast Haukar og Valur, sem bæði eru taplaus í keppninni. Valskonur tryggðu sér sitt sæti með sannfærandi 84-74 útisigri á Grindavík í gærkvöldi. - óój

# Ætlum upp næsta sumar

Víkingar frá Ólafsvík segjast vera brotnir en ekki bugaðir eftir fall úr Pepsi-deildinni. Þeir hafa sett stefnuna beint upp aftur næsta sumar. Reksturinn stóð undir sér og Ejub Purisevic verður áfram þjálfari félagsins.

**FÓTBOLTI** Vera Víkings frá Ólafsvík í deild þeirra bestu var stutt. Eftir eitt ár í Pepsi-deildinni er liðið fallið og spilar því í 1. deildinni að ári.

Það gekk mjög brösuglega hjá Víkingum framan af móti en liðið fékk fínan liðsstyrk í júlí og eftir það var mikill stígandi í leik liðsins. Þessi stígandi kom þó of seint.

„Við vorum mjög vaxandi og mótið hefði bara þurft að vera aðeins lengra,“ segir Jónas Gestur Jónasson, formaður knattspyrnudeildar Víkings.

„Við reyndum að fá leikmenn til okkar fyrir mót en það gekk erfiðlega. Við fengum ekki þau gæði sem við vildum fyrr en of seint,“ segir Jónas, en félagið skipti út fjórum leikmönnum í júlí. Þá komu inn fjórir Spánverjar sem styrktu liðið mikið.

### Ánægður með Spánverjana

„Þetta voru flottir strákar. Góðir fótboltamenn og karakterar. Þeim leið vel hjá okkur. Voru mjög duglegir að skoða landið og ferðuðust líklega meira um landið en ég hef gert undanfarin tíu ár. Þetta var ævintýri fyrir þá og þeir litu á það þannig. Þannig að þeir nutu tímans hjá okkur.“

Jónas Gestur segir að menn séu farnir að skoða framhaldið í Ólafsvík en þar á ekki að slá slöku við.

„Það eru einhverjir með lausan samning og við förum að skoða það núna. Við erum ekki af baki dottnir. Ætlum að mæta til leiks með sterkt lið næsta sumar og reyna að komast aftur upp í Pepsi-deildina.“



**GULA SPJALDIÐ** Insa Fransisco fær hér að líta gula spjaldið í leik með Víkingi. Hann var sterkur og spurning hvort hann verði áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spánverjarnir sterku eru samningslausir en Jónas segir að sá möguleiki verði skoðaður að fá eitthvað af þeim aftur.

„Þetta mun koma allt í ljós á næstu tveimur vikum hvernig framhaldið verður hjá okkur.“

Ejub Purisevic hefur náð flottum árangri með liðið og hann fær að halda sínu starfi áfram.

„Ejub á tvö ár eftir af samningi sínum við félagið þannig að hann er ekkert að fara. Það er ekkert endurskoðunarákvæði í samningnum við hann.“

Víkingar fóru í talsverða útgerð í sumar. Margir erlendir leikmenn og sumarið hefur því væntanlega kostað skildinginn.

### Tjöldum ekki til einnar nætur

„Tekjurnar duga fyrir gjöldunum hjá okkur. Við fáum til að mynda aukatekjur í sumar út af sjónvarpsréttindum. Svo koma fleiri áhorfendur. Mér sýnist að endar nái saman, sem er gott. Við erum með styrktaraðila bæði hér á Snæfellsnesi og á höfuðborgarsvæðinu. Það má ekki tjalda til einnar nætur í þessum rekstri. Við erum sáttir við rekstrarlegu útkomuna þó svo að við hefðum að sjálfsögðu viljað sjá betri árangur á vellinum,“ segir Jónas og bætir við að Spánverjarnir hafi ekkert verið sérstaklega dýrir.

„Það gleymdist stundum í umræðunni að fjórir fóru er við tókum inn fjóra leikmenn. Spánverjarnir voru á viðráðanlegu verði. Það er erfitt atvinnuástand á Spáni. Þeir hafa átt það til að gera fínan samning í föðurlandinu en lenda síðan í því að fá ekkert greitt. Við erum mjög ánægðir með reynsluna af þessum mönnum og við munum eflaust horfa til Spánar og fleiri landa fyrir næsta sumar.“

henry@frettabladid.is





## Í sátt og samlyndi við náttúru og menn



# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl 20.50
### How I Met Your Mother

Áttunda þáttaröðin um þau Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni. Vinirnir ýmist styðja hver annan eða stríða, allt eftir því sem við á.

## Í KVÖLD



### Djöflaeyjan

**SJÓNVARPIÐ KL. 21.25** Leiklist, kvikmyndalist og sjónlistir í víðum skilningi eiga sitt fasta heimili á Djöflaeyjunni. Sjónum er beint að nýjum verkum og því sem er efst á baugi í listheimum. Umsjónarmenn eru Vera Sölvadóttir, Guðmundur Oddur Magnússon, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.



### Málið

**SKJÁR EINN KL. 21.30** Hárbeittir fréttaskýringarþættir frá Sölva Tryggvasyni þar sem hann brýtur viðfangsefnin til mergjar. Ræktun kannabis hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum. Í þættinum er fjöldi viðtala og sviðsetninga á því er við kemur málinu.



### Pirates Of The Caribbean: On Stranger Tides

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00** Jack Sparrow er mættur á ný og nú í æsispennandi leit að eilífri æsku. Með aðalhlutverk fara Johnny Depp, Penélope Cruz, Geoffrey Rush og Ian McShane.

**TV.COM** 7,8 **IMDb** 6,6

## Rás 2 kl. 09.05
### Virkir morgnar

Virkir morgnar er þáttur sem ætlaður er öllum og ekki síst þeim sem eru að koma sér af stað í morgunsárið. Þættinum er stjórnað af Andra Frey Viðarssyni og Guðrúnu Dís Emilsdóttur. Þátturinn er í léttum dúr og kemur hann til með að fjalla um skemmtileg mál líðandi stundar auk liðinna og ólíðinna stunda.



## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Wonder Years**
**10.40 The Glades**
**11.25 The Middle**
**11.50 White Collar**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So you think You Can Dance** *(2:23)*
**14.20 So you think You Can Dance** *(3:23)*
**15.05 In Treatment** *(71:78)*
**15.30 Sjáðu**
**16.00 Victourious**
**16.25 Ellen** *(51:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(22:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar** *(2:20)*
**19.40 The Big Bang Theory** *(23:24)*
**20.05 Mike and Molly** *(4:23)*
**20.30 Anger Management** *(2:22)* Önnur þáttaröð.
**20.50 How I Met Your Mother** *(12:24)* Áttunda þáttaröðin.
**21.15 Orange is the New Black** *(10:13)*
**22.10 Veep** *(10:10)*
**22.40 The Daily Show: Global Editon** *(30:41)*
**23.05 Arn – The Knight Templar** Sænsk spennu- og ævintýramynd.
**01.25 2 Broke Girls**
**01.45 Drop Dead Diva**
**02.30 Mistresses**
**03.15 Miami Medical**
**04.00 The Closer**
**04.45 Le Code A Changé**

## SPORT *besta sætið*

**13.45 Rayo Vallecano - Barcelona**
**15.25 Real Madrid - Getafe**
**17.05 Spænsku mörkin**
**17.40 Samsung Unglingaeinvígið 2013**
**18.35 Aston Villa - Tottenham** Bein útsending.
**20.40 Valur - KR**
**22.20 Pepsi-mörkin**
**23.35 Barcelona - Real Sociedad**
**01.15 Aston Villa - Tottenham**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**13.45 Messan**
**14.45 Newcastle - Hull**
**16.25 Norwich - Aston Villa**
**18.05 Football League Show**
**18.35 Aston Villa - Tottenham**
**20.40 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**21.35 Man. City - Man. Utd.**
**23.15 Messan**
**00.15 Liverpool - Southampton**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**16.35 Junior Masterchef Australia**
**17.35 Cherry Healy: How to Get a Life**
**18.35 American Dad**
**19.00 School Pride**
**19.40 Hart of Dixie** *(3:22)* Önnur þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama.
**20.25 Pretty Little Liars** *(3:24)* Þriðja þáttaröðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bökum saman til að varðveita skelfilegt leyndarmál.
**21.10 Nikita** *(3:23)* Önnur þáttaröð.
**21.50 Outlaw** *(2:8)*
**22.35 Damages** *(2:10)* Fjórða þáttaröð.
**23.25 2+6** *(2:8)*
**23.50 School Pride** *(3:7)*
**00.35 Hart of Dixie**
**01.15 Pretty Little Liars**
**02.00 Nikita**
**02.45 Tónlistarmyndbönd**

## krakkar

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Elías **07.58** Áfram Diego, áfram! **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku-Láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Hello Kitty **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.46** Elías **11.58** Áfram Diego, áfram! **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku-Láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Hello Kitty **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Svampur Sveinsson **15.46** Elías **15.58** Áfram Diego, áfram! **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.44** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Latibær **17.24** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku-Láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Hello Kitty **19.00** Iceage

## GULL

**18.00 Strákarnir**
**18.25 Friends** *(3:24)*
**18.45 Seinfeld** *(1:22)*
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men** *(5:24)*
**20.00 Borgarilmur** *(6:8)*
**20.35 Hannað fyrir Ísland** *(3:7)*
**21.20 Nikolaj og Julie** *(2:22)*
**22.05 Anna Phil** *(2:10)*
**22.50 Hannað fyrir Ísland** *(3:7)*
**23.35 Borgarilmur**
**00.10 Nikolaj og Julie**
**00.55 Anna Phil**
**01.40 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.30 The Three Stooges**
**13.00 Nanny McPhee**
**14.40 Philadelphia**
**16.45 The Three Stooges**
**18.15 Nanny McPhee**
**19.55 Philadelphia**
**22.00 Pirates Of The Caribbean: On Stranger Tides**
**00.15 Game of Death**
**03.10 Pirates Of The Caribbean: On Stranger Tides**

## RÚV

**16.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.20 Teitur**
**17.30 Froskur og vinir hans**
**17.37 Teiknum dýrin**
**17.42 Skrípin**
**17.46 Bombubyrgið**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Völundur – nýsköpun í iðnaði** *(5:5) (Matur er mannsins megin)* Forvitnilegir og fjölbreyttir fræðsluþættir um nýsköpun og þróunarstarf í íslenskum iðnaði.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Golfið** Golfþættir fyrir alla fjölskylduna, þá sem spila golf sér til ánægju og yndisauka og líka þá sem æfa íþróttina af kappi.
**20.35 Ást í meinum** *(1:3) (Leaving)* Bresk framhaldsmynd í þremur þáttum um ástir giftrar konu og ungs og óreynds manns sem vinna saman á hóteli.
**21.25 Djöflaeyjan** Þáttur um leiklist, kvikmyndir og myndlist.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Fallið** *(2:5) (The Fall)* Spennuþáttaröð um raðmorðingja sem er á kreiki í Belfast og nágrenni og vaska konu úr lögreglunni í London sem er fengin til að klófesta hann.
**23.20 Vörður laganna** *(7:10) (Copper)* Bandarískur sakamálamyndaflokkur.
**00.05 Sönnunargögn**
**00.45 Kastljós**
**01.10 Fréttir**
**01.20 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Once Upon a Time**
**17.35 Dr. Phil**
**18.15 Family Guy**
**18.40 Rules of Engagement**
**19.05 America's Funniest Home Videos** *(8:44)*
**19.30 Cheers** *(9:26)*
**19.55 America's Next Top Model** *(3:13)* Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**20.40 Design Star** *(3:13)*
**21.30 Málið** *(3:12)*
**22.00 Hannibal** *(2:13)* Allir þekkja Hannibal Lecter úr ódauðlegum bókum og kvikmyndum á borð við Red Dragon og Silence of the Lambs.
**22.45 Sönn íslensk sakamál** *(6:8) (e)*
**23.15 Hawaii Five-0**
**00.05 CSI: New York**
**00.55 Hannibal**
**01.40 Design Star**
**02.30 Excused**
**02.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **07.00** Tour Championship **2013 12.00** Golfing World **12.50** Tour Championship **2013 18.**00 Golfing World **18.50** PGA Tour - Highlights **19.45** Tour Championship **2013 22.00** Golfing World **22.50** Ryder Cup Official Film **2010 00.**05 Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Reynimelur 64 - Rvk. Neðri sérhæð**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




6 herbergja 140,9 fm. neðri sérhæð í fallegu steinhúsi á frábærum stað í lokaðri botngötu við Reynimel auk 17,1 fm. bílskúrs, sem er með stórri innkeyrslu fyrir framan. Stórar samliggjandi stofur með útgengi á stórar og skjólgóðar svalir til suðurs. Þrjú svefnherbergi auk fataherbergis. Sjónvarpsstofa sem auðvelt er að breyta í svefnherbergi. Húsið stendur á fallegri og gróinni eignarlóð með hellulagðri stórri innkeyrslu með hitalögnum. Hús nýlega málað og viðgert að utan. **Verð 59,0 millj.**

**Víðigrund 49 - Kópavogi**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Mjög glæsilegt, vel skipulagt og nánast algjörlega endurnýjað 126,2 fm. einbýlishús á frábærum stað við Víðigrund. Húsið hefur allt verið endurnýjað að innan á sl. árum og er í mjög góðu ástandi. Það sem hefur verið endurnýjað eru m.a. gólfefni, innihurðir, fataskápar, baðherbergi, eldhúsinnrétting og tæki, gler, ofnar og raflagnir auk þess sem loft voru klædd með gifsi og sett innfelld lýsing í loft. Stór og björt stofa. Þrjú herbergi. Ræktuð og skjólgóð lóð. Verönd til suðurs og vesturs. **Verð 47,9 millj.**

BORGIR FASTEIGNASALA

**Goðheimar 13 - neðri hæð**




**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 18.00 TIL 18.30**
Til sýnis neðri sérhæð ca 131 fm á eftirsóttum stað.
Íbúðin er: forstofuherbergi, stórt hol þaðan sem gengið er í vistaverur og síðan tvö svefnherbergi í viðbót, stórt og gott eldhús, rúmgott baðherbergi og mjög veglegar stofur. Tvennar svalir.
Íbúðin er í útleigu en getur losnað 1.02. 2014. **Ásett verð 35,9 m.**
**Áhugasamir velkomnir milli 18.00 og 18.30 í dag þriðjudag.**
**Sölufólk Borga á staðnum.**

**Furugerði v. Álmgerði • Sími 588-2030 • Fax 588-2033**
**Lögg.fast. Sigríður Gunnlaugsdóttir**

# Skelltu þér í áskrift!

**Áskriftarkort**
4 sýningar að eigin vali
**13.900 kr.**

**Áskriftarkort**
fyrir 25 ára og yngri
**9.000 kr.**




ný **Epískur tón-sjónleikur**
Frumsýnt 4. október




st **Ný kynslóð, nýir tímar, nýr Hamlet**
Frumsýnt um áramót




st **Súperkallifragilistikexpíallídósum!**
Sýningar hafnar á ný




ný **Grátt gaman með ógæfufólki á leikskóla**
Frumsýnt í lok janúar




st **Hjartnæm spennusaga**
Frumsýnt í lok febrúar




st **Rokkið tekur yfir Borgarleikhúsið**
Frumsýnt í lok mars




li **Ertu nógu hræddur?**
Frumsýnt 16. nóvember




st **Engir leikarar, enginn texti ...**
Frumsýnt í lok maí




st **Meistaraverkið aftur á fjalirnar**
Sýningar hefjast á ný í október




li **Hver stýrir þessu skipi?**
Frumsýnt í lok mars




li **Er framtíðin okkar?**
Frumsýnt 19. október




st **Hin fullkomna skemmtun**
Sýningar hefjast í maí




li **Fyrsta leikrit í heimi sem gerist í Kópavogi**
Frumsýnt í byrjun febrúar




ný **Ástin, dauðinn ... og allur sá djass**
Frumsýnt í apríl




gb **Sígilt verk Lorca**
Frumsýnt 18. október í Gamla bíói




li **Hvernig er að vera eða vera ekki...**
Frumsýnt í byrjun apríl




st **Kraftur og mýkt sem snertir**
Sýningar í október og febrúar




ný **Bestu vinkonur barnanna í hátíðarskapi**
Frumsýnt 16. nóvember




li **Sannkallað listaverk**
Sýningar hafnar á ný

**Nýtt kortatímabil er hafið**

ALLAR SÝNINGAR Í BOÐI!

**Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is**

**Borgarleikhúsið**

## MORGUNMATURINN



**„Ég fæ mér oftast Ab-mjólk með möndlum og epli eða banana og ef ég hef tíma laga ég kaffi og sýð egg.“**

Dóra Hrund Gísladóttir myndlistarkona.

# Tökum á Interstellar er lokið

## Stjörnur Hollywood-myndarinnar Interstellar fóru af landi brott um helgina.

Tökum er lokið hér á landi á kvikmyndinni Interstellar í leikstjórn Christophers Nolan. Þær stóðu yfir í um það bil tvær vikur og fóru fram á Kirkjubæjarklaustri.

Matt Damon, Matthew McConaughey, Anne Hathaway og fleiri stjörnur myndarinnar eru því farnar af landi brott.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins skemmtu leikararnir og aðrir úr tökuliði myndarinnar sér á skemmtistaðnum Lebowski-bar við Laugaveg síðastliðinn föstudag, skömmu áður en þeir kvöddu Ísland og flugu heim.

Áætlað er að Interstellar verði frumsýnd í nóvember á næsta ári. Hún er byggð á handriti Nolans og bróður hans Jonathans og fjallar um ormagöng og tímaferðalanga. Mikil eftirvænting ríkir eftir þessu næsta verkefni Christophers Nolan, sem er þekktastur fyrir Batman-þríleik sinn. Á meðal fleiri mynda hans eru Inception, The Prestige og Memento. - fb

➜ Erlendar stórmyndir á borð við Oblivion, Prometheus og Thor: The Dark World hafa að hluta til verið teknar upp hérlendis undanfarin ár.



**SKEMMTU SÉR Á LEBOWSKI** Stjörnurnar úr Interstellar, þar á meðal Matt Damon og Anne Hathaway, skemmtu sér á Lebowski-bar eftir að tökum lauk á myndinni. Leikstjóri er Christopher Nolan. NORDICPHOTOS/GETTY

Hef hafið störf á hársnyrtistofunni **LaBella, Furugerði 3**, sími **517 3322.**
Verið velkomin.

LABELLA
HÁRSNYRTI & FÖRÐUNARSTOFA
ARNA ARNARDÓTTIR



**LEIKUR Í HRAUNINU** Heiða Rún Sigurðardóttir leikkona er nýlega flutt til Íslands eftir átta ára dvöl í London. Hún leikur rannsóknarlögreglukonu í sjónvarpsþáttaröðinni Hrauninu. MYND/BÖRKUR SIGÞÓRSSON

# Heiða Rún kveið því að flytja aftur heim

## Heiða Rún Sigurðardóttir fer með hlutverk í sjónvarpsþáttaröðinni Hrauninu sem er sjálfstætt framhald Hamarsins. Reynir Lyngdal leikstýrir þáttunum.

„Ég leik rannsóknarlögreglukonu utan af landi sem er nýbyrjuð í starfinu. Hún er mjög áhugasöm og metnaðarfull en á sama tíma frekar fljót á sér,“ segir leikkonan Heiða Rún Sigurðardóttir sem fer með hlutverk í sjónvarpsþáttunum Hrauninu. Þáttaröðin er sjálfstætt framhald sjónvarpsþáttanna Hamarinn sem sýndir voru í Ríkissjónvarpinu árið 2009.

Hraunið er í leikstjórn Reynis Lyngdal og standa tökur nú yfir á Snæfellsnesi. Með önnur hlutverk fara Björn Hlynur Haraldsson, Atli Rafn Sigurðarson, María Ellingsen og Svandís Dóra Einarsdóttir.

Heiða Rún útskrifaðist úr leiklistarnámi frá Drama Center í London fyrir þremur árum og er hlutverkið í Hrauninu hennar fyrsta íslenska hlutverk. Áður hafði hún farið með hlutverk í kvikmyndinni One Day, sem skartaði Anne Hathaway í aðalhlutverki, og í sakamálaþáttunum Jo, þar sem hún lék dóttur leikarans Jean Reno. Aðspurð viðurkennir hún að það sé skrítið að búa aftur á Íslandi eftir átta ára búsetu erlendis.

„Ég viðurkenni að það kom kvíði í mig þegar ég tók ákvörðunina um að flytja heim til Íslands. En það var eiginlega bara fyrsta vikan sem var skrítin, eftir það leið mér rosalega vel.“

Heiða Rún ætlar að dvelja hér á landi um nokkra hríð og er bjartsýn á framhaldið. „Miðað við hvað við erum fámenn finnst mér margt spennandi í boði. Ég veit að ég mun fara aftur til London en það er draumur minn að geta hoppað á milli og starfað á báðum stöðum,“ segir Heiða Rún að lokum.

asa@frettabladid.is

### Eftirsótt fyrirsæta

Heiða Rún hefur einnig starfað sem fyrirsæta og situr hún til að mynda fyrir í tískuþætti í breska blaðinu Elle. Myndir af henni hafa einnig birst í indversku útgáfunum af Cosmopolitan, Marie Claire, Elle og Verve Magazine.


Stöð 3 er ný sjónvarpsstöð
Aðeins 2.990 kr. á mánuði
Gerðu verðsamanburð
Stöð 3 + Krakka stöðin + = 2.990 kr. á mánuði
Skjár 1 = 4.990 kr. á mánuði
Tryggðu þér áskrift og fáðu nánari upplýsingar á
www.stod3.is



# Sigrar móður sína alltaf í skák

## Sonur Erlu Hlínar Hjálmarsdóttur, Óskar Víkingur, keppir fyrir Íslands hönd í Evrópumóti ungmenna í skák. Mótið fer fram í Svartfjallalandi næstu helgi.

„Hann vinnur mig bara alltaf,“ segir Erla Hlín Hjálmarsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands og móðir Óskars Víkings Davíðssonar skáksnillings. Hann og sjö önnur íslensk ungmenni fara til Svartfjallalands komandi helgi að keppa fyrir hönd Íslands á Evrópumóti ungmenna í skák. Óskar Víkingur er átta ára gamall og hefur stundað skák í tvö ár.

„Það hefur orðið mikill uppgangur í skák á Íslandi og margir grunnskólar eru byrjaðir að kenna íþróttina,“ segir Erla Hlín um vinsældir skákíþróttarinnar.

Síðustu helgi urðu tvær skáksveitir Norðurlandameistarar, annars vegar barnaskólasveit Álfhólsskóla og hins vegar grunnskólasveit Rimaskóla. Evrópumótið um næstu helgi er einstaklingskeppni en slík stórmót eru yfirleitt kynjaskipt.

Ungu skáksnillingarnir leggja mikið á sig fyrir keppni en yfirleitt æfa þeir allt að fimm sinnum í viku hjá hinum ýmsu taflfélögum víðs vegar á landinu. - glp

➜ Íslendingar eiga flesta stórmeistara miðað við höfðatölu í heiminum og hafa átt fjóra heimsmeistara ungmenna.



**MIKIL SPENNA** Erla Hlín Hjálmarsdóttir ásamt syni sínum, Óskari Víkingi Davíðssyni. Óskar keppir fyrir hönd Íslands í Evrópumóti ungmenna í skák. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ

## DOMINO'S

# 1000 KR.

**Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.**
**Ef þú sækir.** Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.

## HEIT ALLA LEIÐ HEIM

**Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!**




SVEPPERONI: Pepperoni og sveppir



SÍMI 58 12345 | DOMINO'S APP | WWW.DOMINOS.IS

FITON / SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

Vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Formaður í bíó

**Árni Páll Árnason**, formaður Samfylkingarinnar, fór í kvikmyndahús um helgina. Nýjasta kvikmynd Woody Allen, Blue Jasmine, varð fyrir valinu. Árni Páll segir á Facebook-síðu sinni ánægjulegt að Woody hafi snúið aftur til hversdagsleikans, „eftir að hafa flækst um evrópskar borgir í síðustu myndum,“ bætti hann svo við. Myndin fjallar um konu sem missir allt þegar í ljós kemur að moldríkur eiginmaður hennar fer í fangelsi fyrir meiriháttar fjársvik. Um myndina skrifar Árni Páll: „Hann [Woody Allen] hefur stundum leikið sér með hugmyndina um hvort svik og prettir geti borgað sig–en þeir borga sig ekki hjá höfuðpersónum þessarar myndar.“

- vg



### Valin kynþokkafyllst

Söngkonan **Elín Eyþórsdóttir**, eða Elín Ey eins og hún er betur þekkt, var valin kynþokkafyllsta lesbían af breska vefritinu So So Gay. Elín sagði frá fréttunum á fésbókarsíðu sinni í gær og sló um leið á létta strengi og spurði hvort nokkur vildi koma með henni til London að taka á móti verðlaununum. Elín gaf út sína fyrstu sólóplötu fyrir fimm árum, þá aðeins sautján ára að aldri, og er nú ein þriggja söngkvenna hljómsveitarinnar Sísý Ey.

- áo



## Mest lesið Vísir

1 „Rosalega falleg stelpa sem myndast mjög vel“
2 Fyrrverandi formaður VR: „Gyltan var mikill gleðigjafi í lífi okkar“
3 Ætla að ryðjast þarna inn með sinni vélaherdeild
4 „Bifröst skilar engu til íslensks samfélags“
5 Egill Helgason hyllir Assange í sjónvarpsþætti




